

kjarninn

40. útgáfa – 22. maí 2014 – vika 21

+ Olíuleit Íslendinga gæti haft alvarlegar afleiðingar

+ Grískum bönkum bjóðast betri kjör en íslenskum


+ Hrafn Jónsson segir ýmsum að fara í rassgat

TRILLUKARLINN HEIÐAR HELGUSON

40. ÚTGÁFA

Efnisyfirlit

22. maí 2014 – vika 21



TOPP 5

Yfirgengilegar góðærisathafnir frá því fyrir hrun lifa enn góðu lífi

Sæstrengurinn mun koma ...einhvern tímann

Lagning sæstrengs færist nær en ákvörðunin má ekki bíða of lengi, segja helstu valdamenn.

Er forseti Íslands einræðisherra?

Þannig spyr efsti maður á lista Pírata í Reykjavík, Halldór Auðar Svansson.



KJAFTÆÐI

Einhverjir segja að 2007 sé að koma aftur



FÓTBOLTI

Stórkostleg lið sem höfðu allt til að vinna HM en gerðu það ekki

Eldmóður og tiltrú skiptir sköpum

Kjarninn heldur áfram að fjalla um nýsköpun og frumkvöðla. Nú er spurt; hvernig er best að ná í pening?

Meirihlutinn styrkir stöðu sína í Reykjavík

Kjarninn fjallar um helstu málin fyrir kosningarnar 31. maí.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.


2500 NÝJAR
LEIGUÍBÚÐIR
SMELLTU HÉR TIL AÐ VITA MEIRA
XS REYKJAVÍK



Þórunn Elísabet Bogadóttir

Forgangsröðun

Þórunn Elísabet Bogadóttir skrifar um fyrsta þingár ríkisstjórnarinnar og í þágu hverra hún virðist starfa.

Tæp vika er nú liðin frá því að vetrinum lauk á Alþingi. Það má líklega slá því föstu að þessa fyrsta þingárs undir forsæti Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar verði í framtíðinni fyrst og fremst minnst fyrir skuldaniðurfellingar. Fá önnur mál verið sett í forgang hjá stjórnvöldum á þessu fyrsta ári, nema kannski lækkun veiðigjalda og misheppnuð tilraun til að draga til baka umsókn að Evrópusambandinu, og fá þeirra munu hafa eins miklar afleiðingar.

Aftast í goggunarröðinni

Málefni útlendinga hafa verið áberandi í almennri umræðu í vetur en það er sannarlega ekki að undirlagi stjórnvalda, sem hefðu líklega viljað sleppa tali um þau með öllu. Það er ekki skrýtið eftir heldur slaka frammistöðu. Reyndar fóru í gegn lög á síðustu dögum þingsins sem bæta réttarstöðu útlendinga, með skipun óháðrar úrskurðarnefndar í málefnum þeirra og hraðari málsmeðferð. Því má fagna. Það mál var fyrst lagt fram í tíð síðustu ríkisstjórnar, sem mistókst að koma því, sem og heildarendurskoðun sinni á málefnum útlendinga utan EES, í gegnum þingið. Slík

heildarendurskoðun á lögunum er nauðsynleg, því hafi það farið framhjá einhverjum eru þessi mál í ólestri á Íslandi, svo vægt sé til orða tekið. Útlendingamál hafa ekki verið sett í forgang. Það er ekki nóg að standa í tímabundnu átaki til að stytta biðtíma hælisleitenda og lofa að skoða málið. Það þarf að taka til í öllu heila batteríinu og til þess þarf vilja, en það þarf líka pening. Pening sem hefði til dæmis getað komið í gegnum lítið brot af bankaskattinum sem nú er eyrnamerktur niðurfellingunum ef hann á annað borð innheimtist.

„Fátæka fólkið, veika fólkið og útlendingarnir eru fólkið sem var sett aftast í goggunarröðina hjá stjórnvöldum þetta fyrsta ár.“

Á síðustu dögum þingsins náðist líka í gegn þingsályktunartillaga um uppbyggingu á Landspítalanum. Því má líka fagna. Sú tillaga var hins vegar ekki á vegum stjórnvalda, heldur lögð fram af stjórnarandstöðuþingmanni, enda hefur flokkurinn sem er í forsæti áður talað fyrir því að fresta framkvæmdum við nýjan spítala. 60 milljarða uppbygginguna sem nú er búið að samþykkja á að fjármagna með því að selja eignir ríkisins, eignir almennings. Það er nefnilega nauðsynlegt að fjármögnunin fyrir verkinu sé tryggð í þessu tilviki, þótt það horfi aðeins öðruvísi við þegar kosningaloforð Framsóknar á í hlut.

Gallarnir við kosningaloforðið eru vel þekktir og óþarfi að fara mjög náið út í þá. Nóg er að nefna að fjöldi fólks sem fær niðurfellingu getur varla talist hafa orðið fyrir forsendubresti og fjöldi er ekki eða verður í neinum vandræðum með lánin sín. Þetta fólk þarf ekki á niðurfellingu skulda sinna að halda, og það vita stjórnvöld alveg því fjölmargir hafa bent á það. Einnig hefur verið sýnt fram á ósanngirnina í því að leigjendur sitji eftir í súpunni eftir þessar niðurfellingar, hópurinn sem hefur farið einna verst út úr efnahagsástandi síðustu ára. Nú segir forsætisráðherra að til standi að gera eitthvað í málum þeirra á næstunni en eftir stendur samt sem áður að sá hópur var ekki í forgangi hjá stjórnvöldum. Hann mætir afgangi.

Fátæka fólkið, veika fólkið og útlendingarnir eru fólkið

sem var sett aftast í goggunarröðina hjá stjórnvöldum þetta fyrsta ár. Samt eru þetta hóparnir sem standa höllustum fæti. Á sama tíma og þingið var að ljúka störfum sínum kom út skýrsla á vegum Rauða krossins sem sýndi að fordómar færu vaxandi, sérstaklega í garð innflytjenda, og að næstum einn af hverjum tíu Íslendingum væri undir fátæktarmörkum. Þrettán prósent til viðbótar eiga á hættu að verða fátæk. Þessir hópar þurfa mesta hjálp.

„Skuldaniðurfellingarnar eru ekki bara kosningaloforð Framsóknar um upprisu óskilgreindrar millistéttar. Þær eru skýrt merki um forgangsröðun í þágu þeirra sem hafa það upp til hópa ágætt.“

Ekki bara kosningaloforð

Skuldaniðurfellingarnar eru ekki bara kosningaloforð Framsóknar um upprisu óskilgreindrar millistéttar. Þær eru skýrt merki um forgangsröðun í þágu þeirra sem hafa það upp til hópa ágætt. Þær eru val stjórnarinnar um að setja 80 milljarða af almannafé til að borga fólki sem að stórum hluta til þarf ekki á því að halda. Sem þýðir, eins og líka hefur verið bent margoft á og úr mörgum áttum, að þessir peningar fara í aukna neyslu þessa fólks, sem kemur svo niður á öllum í formi verðbólgu. Þetta eru neyslulán til sumra sem allir þufa að borga til baka.

Kannski myndu þessi mál horfa öðruvísi við ef unnið hefði verið jöfnum höndum að aðgerðum fyrir aðra þjóðfélagshópa og þessa óskilgreindu millistétt. Og kannski er bara gott að þingið er farið í langt frí. Þá má láta sig dreyma um að tíminn fram á haust dugi til að breyta hugsunarhættinum svo að þing komi saman í haust og vinni öllum til hagsbóta, ekki bara sumum.



Viltu skipta um gír á markaðnum?

Með Flotaleigu Lýsingar geturðu lágmarkað kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Lýsing

Vanhugsuð og illa undirbúin vegferð

Miklum fjármunum hefur verið varið til olíuleitar á Drekasvæðinu án þess að ítarlegar rannsóknir á lífríki svæðisins liggi fyrir eða hver áhrif olíuslyss yrðu á svæðinu eða á og við strendur Íslands.



UMHVERFISMÁL
Ægir Þór Eysteinsson
@aegireysteins

Vorið 2006 samþykkti ríkisstjórn Íslands, að tillögu þáverandi iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, að hefja undirbúning fyrir útgáfu leyfa til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á norðanverðu Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygginn. Síðan þá hafa íslensk stjórnvöld gefið út þrjú sérleyfi fyrir rannsóknir og olíu- og gasvinnslu á svæðinu, nú síðast í janúar á þessu ári.

Margir sjá gríðarleg tækifæri fyrir land og þjóð í kjölfar olíu- og gasvinnslu á Drekasvæðinu en aðrir gjalda varhug við fyrirhugaðum framkvæmdum á svæðinu. Bæði er það af ótta við stórt umhverfisslys og svo þykir mörgum olían vera orkugjafi gærdagsins.

Sex nemendur á félagsvísindasviði Háskólans á Bifröst unnu nýverið misserisverkefni undir yfirskriftinni: „Íslensk olíuvinnsla: Hver yrðu möguleg umhverfisáhrif við Ísland ef olíuslys, á borð við Exxon Valdez, yrði innan íslenskrar landhelgi?“ Í verkefni sexmenninganna var rýnt í olíuslysið sem varð við strönd Alaska árið 1989, hvaða beinu og óbeinu umhverfisáhrif urðu þar og þau heimfærð yfir á íslenskar aðstæður. Hér á eftir verður stiklað á stóru um niðurstöður sexmenninganna, sem eru þær helstar að miklum fjármunum hafi verið varið í mögulega olíuvinnslu á Drekasvæðinu án þess að lífríki og umhverfi svæðisins hafi verið rannsakað í þaula.

> „Alls urðu um ríflega tvö þúsund kílómetrar af strandlengjunni fyrir beinum umhverfisáhrifum, sem raskaði lífríki svæðisins verulega. Vegalengdin sem um ræðir er álíka og frá Húsavík austur til Víkur í Mýrdal.“

Áhrifa Exxon Valdez-slyssins gætir enn

Hinn 24. mars árið 1989 strandaði olíuflutningaskipið Exxon Valdez á skeri í Prince William-sundi úti fyrir ströndum Alaska. Í tönkum skipsins var tæplega 201 milljón lítra af hráolíu og lak 41 milljón lítra í hafið. Orsök slyssins má ekki síst rekja til mannlegra mistaka en auk þess var eftirliti stjórnvalda ábótavant.

Árið 2000 fóru 128 innlend og erlend olíuflutningaskip um siglingarleiðir sunnan Íslands, með um 800 þúsund tonn af olíu innanborðs. Um áttatíu olíuflutningaskip flytja olíu til Íslands á ári hverju með um þrjátíu þúsund tonn af olíu hvert. Auk þess sigla um þúsund vöruflutningaskip með um fimmtán hundruð tonn af eldsneytisolíu hvert til landsins. Hefjist olíuframleiðsla á Drekasvæðinu er viðbúið að þessi fjöldi muni margfaldast.



Exxon Valdez í togi
Öfluga dráttarbáta þurfti til að koma olíuflutningaskipinu Exxon Valdez af strandstað í Prince William-sundi við Alaska.

Exxon-olíufyrirtækið var dæmt til að greiða fimm milljarða Bandaríkjadala í skaðabætur í kjölfar slyssins en eftir röð áfrýjana var sú upphæð lækkuð í 507 milljónir dala.

Olían sem fór í hafið í slysinu hafði gríðarleg umhverfisáhrif á svæðinu. Alls urðu um ríflega tvö þúsund kílómetrar af strandlengjunni fyrir beinum umhverfisáhrifum, sem raskaði lífríki svæðisins verulega. Vegalengdin sem um ræðir er álíka og frá Húsavík austur til Víkur í Mýrdal. Fiskistofnar, fuglar og spendýr urðu illa úti, talsverð rýrnun varð á ýmsum dýrastofnum, til að mynda laxastofni svæðisins. Þá er talið að um 250 þúsund langvíur hafi drepist í kjölfar slyssins.

Slysið hafði ekki aðeins bein umhverfisáhrif heldur einnig óbein áhrif á atvinnuvegi og íbúa svæðisins. Atvinnuvegirnir samanstóðu helst af fiskveiðum og ferðaþjónustu. Árið 1989 tók gildi víðtækt bann við fiskveiðum á Prince William-sundi og nærliggjandi svæðum vegna olíumengunar. Tekjutap vegna þessa var gríðarlegt, en áhrifa slyssins á fiskveiðar gætir enn á svæðinu. Síldarstofninn á svæðinu hefur ekki náð sér á strik síðan og því eru síldveiðar þar enn í algjöru lágmarki.

Ferðaþjónusta á svæðinu beið töluverðan skaða, þar sem

ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI

1.390 KR.

PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 19.–25. MAÍ 2014

Domino's



MEGAVIKA

www.dominos.is

sími 58 12345

domino's app

Coca-Cola

straumur ferðamanna dróst verulega saman eftir slysið. Ímynd svæðisins sem ósnortin náttúruperla beið verulegan hnekki, en talið er að fjárhagslegt tap vegna þessa hafi numið um 2,8 milljörðum dala.

Rannsóknum á lífríki Drekasvæðisins ábótavant

Í áliti Náttúrufræðistofnunar, sem unnið var að beiðni Umhverfisráðuneytisins, að rannsóknum á lífríki Drekasvæðisins sé ábótavant. Í álitinu bendir stofnunin á mikilvægi þess að íslenska ríkið leggist í nauðsynlegar rannsóknir sem til þurfi til að gera sér grein fyrir þeim skaða sem hlitist getur af olíuleit og olíuvinnslu.


Ef olíuslys verður innan íslensku lögsögunnar skiptir veðurfar, hafstraumar, sjávarfalla- og vindstraumar verulegu máli svo hægt sé að spá fyrir um afdrif og bein umhverfisáhrif af völdum olíunnar. Upplýsingar um veðurfar á Drekasvæðinu eru af skornum skammti og að mestu fengnar með óbeinum mælingum frá landi sem gefa ansi óljósa mynd af veðri, sjávarhita, sjólagi og hafís á svæðinu.



Dauðir sæotrar
Starfsmenn í hreinsunarteymi í kjölfar Exxon Valdez-olíuslyssins setja dauða sæotra í poka til krufningar.

Á Norðurlandi eru þrír stórir uppsjávarstofnar; loðna, síld og kolmunni. Loðnan og síldin fara líklega um Drekasvæðið þar sem olíuleit og vinnsla er fyrirhuguð, og þá eru fjölbreyttir hvalastofnar á svæðinu við Jan Mayen ásamt fjölbreytilegu lífríki á hafsbotni. Þá er þar að finna seli og hvítabirni.

Loðnan hélt sig nærri Jan Mayen á níunda áratugnum. Á þeim tíma var hún veidd þar sem nú eru uppi áform um olíuvinnslu. Margt bendir til að útbreiðsla og göngur loðnunnar hafi breyst og hún haldi sig nú nær vesturhluta Íslandshafs og í Grænlandssundi, fjarri olíuleitarsvæðinu. Ómögulegt er að segja til um hvort þessi ganga og útbreiðsla hennar sé varanleg og allt eins líklegt er að stofninn færi sig aftur



Drekasvæðið
Kort af Drekasvæðinu, fengið af heimasíðu Orkumálastofnunar. Nýtingarréttur reitsins skiptist á milli Íslendinga og Norðmanna.

á Drekasvæðið og þá hefur norsk-íslenski síldarstofnin um árabil haldið sig nálægt olíuleitarsvæðinu við Jan Mayen.

Telja má að fjölskrúðugt fuglalíf finnist á Drekasvæðinu. Þar eru margar sjófuglategundir sem yrðu í hættu ef mengunarslys af völdum olíu yrði á svæðinu. Miðað við rannsóknir eru algengustu fuglategundirnar sem halda sig á fyrirhuguðu olíuleitarsvæði: rita, fýll, stuttnefja, langvía, álka, lundi og haftyrðill. Þetta eru með allra algengustu sjófuglategundum í Norður-Atlantshafi.

Ísland hvergi nærri tilbúið undir stórt olíuslys

Náttúrufræðistofnun hefur lagt ríka áherslu á að stjórnvöld kortleggi hvaða þætti þurfi að hafa í huga í ljósi fyrirhugaðrar olíuvinnslu, eins og áður segir. Þætti eins og lífríki, vind- og hafstrauma og samspil mismunandi umhverfisþátta,

sérstaklega með tilliti til mengunarslysa. Sökum kulda og viðkvæms lífríkis á norðurslóðum geta mengunarslys þar haft mjög alvarleg áhrif. Kuldi hægir á uppgufun olíunnar og hægir á niðurbrotsferli hennar.

Á Íslandi eru engar viðbragðsáætlanir til til að takast á við stórt olíuslys. Til að mynda er ekkert íslenskt skip sem getur dregið hundrað þúsund tonna olíuflutningaskip, strandi það eða bili við strendur Íslands. Sá búnaður sem Umhverfisstofnun býr yfir er eingöngu fyrir lítil eða meðalstór olíuslys sem verða nærri landi. Ísland er þannig hvergi nándar nærri tilbúið að takast á við stór slys á hafi úti og myndi þá neyðast til að leita sér utanaðkomandi aðstoðar, til að mynda frá Norðurlöndunum eða Evrópusambandinu. Það mun valda því að viðbraðstíminn verður langur og útbreiðsla og áhrif olíuleka gætu orðið mikil.

Áhrifa olíuslyss myndi gæta víða

Eins og áður segir er viðbúið að umferð olíuflutningaskipa muni margfaldast samhliða olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Ljóst er að olíuslys, sambærilegt við Exxon Valdez-slysið, myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir helstu fiskistofna landsins og lífríkið. Við suður- og suðvesturströnd landsins eru til að mynda margar mikilvægar hrygningarstöðvar fiskistofna, og má þar nefna ýsu, þorsk, loðnu, ufsa og síld. Ef olíuslys yrði á þessu svæði gæti það haft mikil áhrif á allt vistkerfi þessara stofna.

Grunnstoðir hagkerfisins byggja á farsælum og nýtanlegum fiskimiðum við landið og efnahagslögsaga Íslands býr yfir einum auðugustu fiskimiðum Norður-Atlantshafsins. Öll stórvægileg röskun á þessari auðlind myndi augljóslega hafa gríðarleg áhrif á íslenskt samfélag, bæði efnahags- og félagslega.

Árið 2012 var heildarútflutningur Íslendinga ríflega þúsund milljarðar króna. Þeir fiskistofnar sem væru í hvað mestri hættu eru tæplega sextán prósent af þessum útflutningi. Ef fiskistofnarnir myndu skaðast er ófyrirséð hvort og hvenær þeir myndu ná sér aftur að fullu. Ljóst er að slíkt

MÚRBÚÐARVERÐ

Pottormarnir mættir



DEKAPRO útimálning,
10 lítrar (A stofn)

7.390



Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn
og annað tréverk

2.690



1 gallon og
5 gallon

AMERÍSKI steypugljáinn sem endist!

TILVALIÐ Í GLUGGAÞVOTTINN

1/2" slanga 15 metra
með stút og tengjum

1.490



Gluggaþvotta-kústur, gegn um
rennandi 116>180cm,
hraðtengi með lokun

2.690



Portúgalskir leirpottar í úrvali - Gæðavara

Undirdiskar fáanlegir

Verð frá kr. 145



Malarhrífa
verð frá
1.290







Laufhrífa
790



PVC húðað vírnet
50cmx15 metrar
4.395



Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
390

Flúðamold 20 l
590



Turbokalk 12,5 kg
2.590



Kalkkorn 5 kg
798



Blákorn 5 kg
1.390





Hjólbörur 80L
3.995





Slönguvagn á hjólum 1/2"
f/50 metra
2.490



WZ-9006 Greinaklippur
895

WZ-9008
Hekk klippur 8"
1.795

WZ-9019
Greinaklippur
1.795



Garðkarfa 25L
990
einnig fáanleg
50 lítra karfa
kr. **1.990**



Þrýstiúðabrúsi
1.690





Þrýstiúðabrúsi 1,5 líter
695



Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
1.490

Garðverkfæra hirsla
52x32x20 cm
1.390



12 lítra fata
395





MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík	Kletthálsi 7	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18	Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



Eftirköst olíuslyssins
Exxon Valdez-olíuslysið skildi meðal annars eftir sig stóra olíubrák sem þakti margra ferkílómetra svæði.

myndi hafa geigvænleg margfeldisáhrif á íslenskt samfélag og efnahag. Olíuslys gæti líka haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir fiskeldi við strendur Íslands og hvalveiðar.

Umhverfisslys á borð við Exxon Valdez-slysið myndi ekki síst hafa gríðarlegar afleiðingar á ferðaþjónustuna um ókomin ár. Ferðaþjónustan hér á landi er orðin stór atvinnugrein, eins og í Alaska fyrir olíuslysið. Olíuslys myndi sverta orðspor landsins, en óspillt náttúra er helsta söluvara íslenskrar ferðaþjónustu og skaðinn myndi helst bitna á ferðaþjónustufyrirtækjum sem reiða sig á heilbrigt sjávar- og dýralíf.

Möguleg umhverfisáhrif við Ísland í kjölfar umhverfisslys á borð við Exxon Valdez yrðu því bæði neikvæð og mikil,

ekki síst vegna hættunnar á því að fiskistofnar, dýr og annað lífríki væri í mikilli hættu vegna mengunarinnar sem olíuslys geta haft í för með sér. Óbein áhrif slíks olíuslys eru ekki síður alvarleg, en áhrifin á sjávarútveginn og ferðaþjónustuna yrðu líklega þau verstu. Olíuslys í íslenskri landhelgi myndi því alltaf hafa slæm bein og óbein umhverfisáhrif, og tjón af völdum þess yrði seint bætt að fullu.

Sláandi hvað við erum illa undirbúin

Gunnar Jökull Karlsson segir sexmenninganna hafa ráðist í verkefnið vegna þess hve lítið möguleikinn á að hér verði olíuslys hafi verið ræddur. „Auk þess hafa orðið verulega slæm slys af þessu tagi að undanförnu, meðal annars á Mexíkóflóa og eins í Michigan-vatni í Bandaríkjunum. Okkur fannst sláandi hversu illa undirbúin við erum og hversu fáar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki Drekasvæðisins, þar sem olíuleitin fer fram. Okkur fannst það bera vott um skammsýni af hálfu stjórnvalda að gefa út leyfi til olíuleitar án þess að rannsaka þessa hluti betur," segir Gunnar Jökull.

Hann segir verkefni sexmenninganna hafa vakið viðbrögð víða. „Að vissu leyti kom það skemmtilega á óvart að viðbrögðin hafa verið jákvæð, en við bjuggumst jafnvel frekar við neikvæðum viðbrögðum, þar sem um er að ræða eitthvað sem hugsanlega gæti gefið vel í aðra hönd. Þetta gæti stafað af því að þetta sjónarhorn á olíuleitina hefur ekki verið skoðað að neinu ráði, heldur hefur frekar verið reynt að sýna fram á það að mögulegur olíugróði eigi eftir að gera okkur öll moldrík. Kannski höfum við verið að svara einhverri þörf eða eftirspurn með því að skoða þessi mál frá öðru sjónarhorni. Að okkar mati er það hið besta mál og vonandi verður þetta til þess að víkka umræðuna um olíuævintýrið enn frekar," segir Gunnar Jökull að lokum.

Sæstrengurinn er á leiðinni

Auknar líkur eru á því að sæstrengur verði lagður á milli Íslands og umheimsins. Megum ekki bíða of lengi með ákvörðun segir stjórnarformaður Landsvirkjunar.



ORKUMÁL
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Sæstrengur milli Íslands og Bretlands verður að veruleika þótt síðar verði og hefur lagning hans verið rædd ítarlega á vettvangi stjórnvalda og Landsvirkjunar undanfarin misseri. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði í ítarlegri ræðu á aðalfundi fyrirtækisins á þriðjudaginn að miklar breytingar í orkubúskap heimsins, meðal annars sífellt meiri kröfur um betri nýtingu orku og betri tengingar milli ríkja til að tryggja orkuöryggi, gerðu það að verkum að lagning sæstrengs og jafnvel sæstrengja bæði til Evrópu og Bandaríkjanna væri frekar spurning um hvenær það gerðist heldur en hvort það gerðist. Hörður sagði enn fremur að mikil eftirspurn eftir raforku gerði það að verkum að nauðsynlegt væri að reisa orkuver víða, sem myndi þrýsta verðinu upp á við, þar sem það þyrfti að vera nægilega hátt til þess að það borgaði sig að fara út í þessar miklu framkvæmdir. Þá vék Hörður enn fremur að því að orkuöryggi var stórt alþjóðapólitísk mál. „Eins og orkumálaráðherra Bretlands sagði þegar hann kom hingað fyrir tveimur árum; við viljum ekki vera háðir Pútín um gas," sagði Hörður.

Hreyfing á málinu

Bjarni Benediktsson, efnahags- og fjármálaráðherra, sagði í ræðu sinni á aðalfundinum að nauðsynlegt væri að skoða lagningu sæstrengs vel og draga fram kosti og galla þess að selja raforku um sæstreng. „Nú þegar hefur verið unnið að úttekt á framangreindum álitamálum og þótt enn sé ekki tímabært að taka af skarið um hugmyndina eigum við ekki að draga það of lengi," sagði Bjarni í ræðu sinni. Jónas Þór Guðmundsson, stjórnarformaður félagsins, tók í sama streng og sagði að ákvörðun um lagningu sæstrengsins mætti ekki bíða of lengi.

Eins og greint var frá í Kjarnanum fyrir tveimur vikum hafa Bretar unnið að því hörðum höndum að leggja sæstreng til Íslands, og meðal annars undirbúið fjármögnun framkvæmdarinnar í nákvæmisatriðum á einkamarkaði. Charles Hendry, sem var orkumálaráðherra Bretlands þegar skrifað

var undir viljayfirlýsingu við Ísland sem sneri að því að skoða lagningu sæstrengs á milli Bretlands og Íslands, er einn þeirra sem unnið hafa að þessu. Verkefnið Atlantic Supergrid er langt komið, en það miðar að því að leggja 1.000 kílómetra langan streng sem gæti útvegað tveimur milljónum heimila í Bretlandi raforku, að því er kemur fram í gögnum frá Atlantic Supergrid sem Kjarninn hefur fjallað um. Kostnaður við lagninguna liggur ekki endanlega fyrir en gæti numið 350 til 500 milljörðum að öllum meðtöldu. Ekki er gert ráð fyrir því að íslenska ríkið, Landsvirkjun eða íslenskir fjárfestar leggi út fyrir þeim kostnaði að fullu, heldur muni alþjóðlegir fjárfestar bera mestan kostnaðinn. Verkefnið er þó aðeins mögulegt ef pólitískur vilji er fyrir því hér á landi.

Mikil tækifæri

Fari svo að Ísland verði formlega tengt með sæstreng við alþjóðlegan orkumarkað eru mikil tækifæri fyrir hendi sé horft á það verð sem hægt er að fá fyrir megavattið af raforku. Meðalverðið sem Landsvirkjun fékk í fyrra var um 25 Bandaríkjadalir, að því er fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2013. Ljóst er að mögulegt er að fá margfalt hærra verð fyrir megavattið á erlendum mörkuðum, jafnvel allt að 200 Bandaríkjadali fyrir megavattið. Salan á raforku getur því verið gríðarlega ábatasöm og skilað miklum fjárhagslegum ávinningi fyrir þjóðarbúið. Ekkert er þó fast í hendi í þessum efnum og erfitt að sjá fyrir verðþróun á mörkuðum þó að flestar spár sérfræðinga á alþjóðamörkuðum geri ráð fyrir að verð á raforku muni hækka vegna sívaxandi eftirspurnar.

„Við viljum ekki vera háðir Pútín um gas.“

Með og á móti

Ljóst er að skiptar skoðanir eru á því hvort skynsamlegt sé fyrir Ísland að selja raforku um sæstreng á alþjóðlegan markað með raforku. Margt kemur til í þeim efnum. Stórkaupendur raforku hér á landi, álfyrirtækin Rio Tinto, Alcoa og Century Aluminum, gætu til að mynda séð hag sínum

GERUM BETUR Í VERÐI OG VERKI

Þú sérð árangur 30 ára þjónustu við atvinnulífið. Þú finnur að áhersla á fagmennsku, gæði og gagnkvæmt traust eru grunnur að farsælu orðspori. Þú upplifir svansvottaða þjónustu öflugs fyrirtækis.

SMELLTU HÉR OG FÁÐU TILBOÐ

Sími 554 6088 / www.hreint.is







Hreint RÆSTING

Sími 554 6088 / www.hreint.is

H/N/Markaðssamskipti / SÍA

betur borgið í því að Ísland selji ekki raforku úr landi með sæstreng, þar sem það gæti hækkað verð til þeirra. Pólitískt er málið einnig flókið og mörg sjónarmið uppi. Innan stjórnmálaflokkanna er víða ríkur vilji til þess að haga orkusölu fyrst og fremst með þeim hætti að atvinnustarfsemi byggist upp hér á landi. Þannig heyrast þau sjónarmið oft að sæstrengur geti leitt til þess að störf flytjist úr landi, en forsvarsmenn Landsvirkjunar hafa reyndar sagt þetta vera mikla einföldun og beinlínis rangt. Frekar séu líkur til þess að störfum fjölgi en hitt.

Landsvirkjun árið 2013

Traustur rekstur en miklar skuldir

Heildartekjur Landsvirkjunar í fyrra námu 423 milljónum Bandaríkjadala, eða sem nemur 47 milljörðum króna. Nettóskuldir námu í árslok 2,4 milljónum Bandaríkjadala, eða um 270 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall var 36,3 prósent.


Ný víglína í náttúruvernd

Á alþjóðavettvangi hefur þrýstingur á ríkisstjórnir þjóða heimsins að nýta endurnýjanlega og vistvæna orku aukist mikið undanfarin misseri. Náttúruverndarsamtök hafa ekki síst tekið upp þennan málstað og hvatt ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir til þess að nýta fremur endurnýjanlega og vistvæna orku, ekki síst til þess að sporna gegn hlýnun jarðar af mannavöldum og alvarlegum afleiðingum vegna hennar. Af þessum sökum er spurt um heildarmyndina þegar virkjað er ekki síður en áhrif af virkjunum á einstaka svæðum.

TOPP 5 Yfirgengilegar góðærisathafnir

Þegar góðærið hljóp með menn í gönur

Á uppgangsárunum fyrir hrun höfðu íslenskir athafnamenn, og sérstaklega bankamenn, uppgötvað að þeir væru merkilegri og klárari en allir aðrir í heiminum. Þeir höfðu auðvitað rangt fyrir sér, eins og stærsta efnahagshrun miðað við höfðatölu vottar. Á þessum árum tókst þeim hins vegar að hlaða í nokkra gjörninga sem á þeim tíma hafa ugglaust þótt nýmóðins og til merkis um hvað íslenska elítan væri miklir heimsborgarar. Þegar þeir eru skoðaðir í baksýnisspeglinum eru þessar yfirgengilegu góðærisathafnir þó í besta falli hlægilegar. Og pínulítið sorglegar.





5 Maraþonútrás

Bjarni Ármannsson, fyrrum bankastjóri Glitnis, er mikill hlaupari og hefur hlaupið nokkur maraþon. Á meðan hann stýrði bankanum var ákveðið að Glitnir yrði aðalstyrktaraðili árlegs Reykjavíkurmaraþons. Frá árinu 2006 og fram til dagsins í dag hefur hlaupið því verið kennt við Glitni og síðar Íslandsbanka, sem var byggður á rústum hans.

Í anda fyrirhrunsáranna ákvað Glitnir að fara með maraþonsponsið í útrás eins og annað. Bankinn varð aðalstyrktaraðili Óslóarmaraþonsins árið 2007, en hann var þá að gera sig nokkuð fyrirferðarmikinn í norsku fjármálalífi. Ári seinna var leikurinn endurtekinn auk þess sem Kaupmannahafnarmaraþonið bættist í styrktaraðilasarpinn. Glitnir var þá aðalstyrktaraðili maraþons í þremur höfuðborgum á Norðurlöndum. Rúmum fjórum mánuðum eftir að það fór fram hrundi bankinn. Engin útlensk maraþon hafa verið kennd við íslenska fjármálastofnun síðan þá.



4 Baugsdagurinn í Mónakó

Í maí 2007 var Baugsdagurinn haldinn hátíðlegur í Mónakó. Um 200 manns, starfsfólki og öðrum tilheyrandi, var flogið út, gist var á lúxushóteli, milljónum króna eytt í kampavín og allir fengu baðvörur frá Jo Malone (?) gefins við komuna.
Í ráðstefnuhluta dagsins var ekkert til sparað heldur. Halla Tómasdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sá um fundarstjórn og rithöfundurinn Malcolm Gladwell var aðalfyrirlesari.
En það voru skemmtiatriðin sem vöktu mesta athygli. Stórstjarnan Tina Turner tróð upp og söng Simply the Best, breski skemmtikrafturinn Jonathan Ross stýrði sjóinu, myndbrot með helstu Baugurum og fylgihnöttum þeirra, á borð við Hannes Smárason, og Little Britain-tvíeykinu voru sýnd og Jón Ásgeir Jóhannesson reyndi fyrir sér í X-factor. En sjón er sögu ríkari. Innan við tveimur árum síðar var Baugur orðinn gjaldþrota í einu stærsta þroti Íslandssögunnar.



3 Tilraunir til að bjarga ísbjörnum

Í byrjun júní 2008 gekk ísbjörn á land í Skagafirði. Í gang fór mikill og stórskrýtinn sirkus sem þrýsti á um að bangsinn yrði deyfður og fluttur í heimahagana. Ísbjörninn var felldur samdægurs og allt varð vitlaust, meðal annars í fjölmiðlum. Af hverju gat hið ríka Ísland ekki þyrmt dýri í útrýmingarhættu? Af hverju þurfum við að vera svona frumstæð? Þegar björninn var krufinn kom í ljós að hann var 22 ára, hundgamall, og illa haldinn af sníkjudýrasmiti sem dró úr hreyfigetu dýrsins.

Það var því mikil PR-gjöf þegar annar ísbjörn mætti á klakann tveimur vikum síðar. Nú átti ekki að klikka á neinu. Þórunni Sveinbjarnardóttur, þáverandi umhverfisráðherra, var flogið á staðinn í lítilli einkaflugvél og til stóð að svæfa björninn og flytja hann til Grænlands. Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, bauðst til að borga brúsann og tiltók í tilkynningu að þetta væri „framlag til náttúruverndar“. Dönskum sérfræðingi og deyfipílunum hans var flogið til landsins, búr útbúið og lagt í að reyna að fanga bangsa. Hann reyndist styggur og var á endanum skotinn. Þegar hræið var skoðað kom í ljós að hann var særður, glorsoltinn og háaldraður, líkt og sá fyrri.

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

CUBE COMPRESSPORT VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY CRAFT GARNEAU BROOKS



Louis Garneau



GARNEAU
LG JAKKI 12.990kr



GARNEAU
LG Skóhlífar 8.990kr



GARNEAU
LG Buxur 23.990kr



GARNEAU
LG Hanskar 9.990kr



Louis Garneau hjálmarnir eru komnir!
"Mid-range in price but high-end in looks, airflow and comfort"
BIKERADAR.COM



WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00



2 Gullát í boði Landsbankans

Í september 2007 var mikið að gera hjá Landsbankanum. Hann byrjaði á því að fljúga öllum helstu stjórnendum og viðskiptavinum bankans til Hong Kong til að vera viðstaddir opnun útibús bankans þar í landi, en hún átti að vera upphafið að Asíuútrás bankans. Allir gestir gistu á lúxushótelum, flogið var með hundrað kílóa ísklump úr Vatnajökli og boðið upp á heilsteiktan grís, sem Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri skar eftirminnilega.

Í sama mánuði hélt Landsbankinn annað partí í Mílanó. Um 300 manns var boðið og voru leigðar tvær farþega-þotur undir hersinguna, sem gisti á einu flottasta hóteli borgarinnar, Principe di Davoia. Auk þess mættu ýmsir aðrir gestir í um 20 einkaþotum. Á meðal þeirra sem voru í partíinu voru helstu stjórnendur Landsbankans, Hannes Smárason, Jón Ásgeir Jóhannesson, Pálmi Haraldsson, Magnús Ármann og að sjálfsögðu Björgólfur Thor Björgólfsson. Partíið var í 15. aldar hallargarði og á meðal þess sem gestum var boðið upp á var risotto með gullflögum. Þeir átu gull.



Morgunblaðið/Kristinn

Afmælisveisla Kynnir og veislustjóri var enginn annar en Páll Óskar.



Töffari Mugison plokkaði gítarinn og söng af innlifun.



Sætar Þær Vigdís Þorsteinsdóttir, Elísa Björg Einarsdóttir og Sigríður María Hilmarsdóttir voru glaðbeittar.



Fjör Ungir sem aldnir skemmtu sér á tónleikunum.



Hæfileikarík Liðsmenn Todmobile hafa engu gleymt.



1 Afmælistónleikar Kaupþings

Sumarið 2007 fagnaði Kaupþing 25 ára afmæli. Af því tilefni hélt bankinn tónleika á Laugardalsvelli þar sem allir helstu tónlistarmenn þjóðarinnar tróðu upp auk strákahljómsveitarinnar Luxor og annarra góðærisskemmtiatriða á vegum Einars Bárðarsonar. Veislustjóri og kynnir var Páll Óskar, sem kom iðulega fram milli atriða til að segja fólki að einhvers konar aðsóknarmet hefði verið slegið. Tónleikahaldararnir héldu því nefnilega fram að 50 þúsund manns hefðu mætt, sem er rúmlega þrefalt magn þeirra áhorfenda sem völlurinn tekur í stúku og stæði. Talan var enda dæmalaust rugl. Í besta falli voru gestir tæplega 20 þúsund. RÚV var síðan með allt í beinni útsendingu og herlegheitin kostuðu marga tugi milljóna hið minnsta. Um eina umfangsmestu ímyndarauglýsingu allra tíma var að ræða.

Bubbi Morthens stal annars senunni þegar hann sagði á milli laga að ef gjaldkeri í Kaupþingi gæfi pening yrði hann rekinn, en ráðherrar í ríkisstjórninni gætu gefið hundruð milljóna króna án þess. Bubbi hvatti síðan til þess að ráðherrarnir yrðu reknir. Stuðmenn kláruðu síðan þetta súra kvöld með rauða hálsklúta líkt og litlir gos-skátar. Firringin náði hámarki þegar Bo Halldórs tók lagið með þeim í skotapilsi.

Dýrt að vera íslenskur banki

Bankar frá Grikklandi, Ítalíu, Spáni og Írlandi hafa ráðist í vel heppnaðar skuldabréfaútgáfur í evrum. Íslenskum bönkum bjóðast ekki sömu kjör.



EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Íslenskir bankar geta ekki fjármagnað sig á sömu kjörum og bankar frá Grikklandi, Ítalíu, Írlandi og Spáni. Ástæður þessa eru að einhverju leyti alþjóðlegar og snúast um versnandi markaðskjör vegna ástandsins í Úkraínu og fleiri þátta. En hindranirnar eru líka að stóru leyti heimatilbúnar. Krónan, lánshæfismat íslenska ríkisins og skortur á trúverðugri áætlun um losun gjaldeyrishafta eru allt atriði sem skipta þar miklu.

Dýr fjármögnun til að opna erlenda markaði

Íslensku bankarnir hafa undanfarið ár verið að feta sig inn á erlenda fjármögnunarmarkaði. Arion banki gaf út skuldabréf í norskum krónum, í upphafi árs 2013, til þriggja ára. Umfang þeirrar útgáfu var 500 milljónir norskra króna, eða um 11,2 milljarðar króna á þeim tíma. Vextir þeirra bréfa voru fimm prósent ofan á NIBOR-vexti, sem þykir mjög dýr fjármögnun.

„Bankar frá Írlandi, Ítalíu, Spáni og Grikklandi, evrulöndum sem höfðu lengt í gríðarlegum efnahagslegum hremmingum, höfðu gefið út skuldabréf í evrum eftir nokkurt hlé.“

Íslandsbanki réðst síðan í sína fyrstu útgáfu erlendis eftir hrun í desember 2013. Hún var upp á 500 milljónir sænskar krónur, um 9,1 milljarð íslenskra króna, til fjögurra ára og með 400 punkta álagi ofan á sænska millibankavexti.

Tilgangur þessara útgáfa var ekki að lækka fjármagnskostnað bankanna heldur miklu fremur sá að sýna fram á að íslensk fjármálafyrirtæki gætu gefið út skuldabréf á erlendum vettvangi og nytu nægjanlegs trausts til að kaupendur væru að því. Í raun var markmiðið að opna aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum og auka gæði fjármögnunar bankans. Hvorki Arion banki né Íslandsbanki þurftu á fjármögnun að halda á þessum tíma.

Verst leiknu evrulöndin gátu gefið út bréf

Um miðjan apríl síðastliðinn tilkynnti Arion banki að hann ætlaði sér í skuldabréfaútgáfu í evrum. Undirbúningurinn hafði þá raunar staðið yfir í nokkurn tíma. Það yrði fyrsta slíka útgáfan sem bankinn réðist í eftir bankahrun.



Hættu við
Arion banki frestaði skuldabréfaútboði sínu í evrum eftir að í ljós kom að bankinn fengi ekki þau kjör sem hann hafði vonast eftir.

Ástæða þess að Arion banki valdi að fara í þennan fjármögnunarleiðangur, og tilkynna um hann opinberlega, var að bankar frá Írlandi, Ítalíu, Spáni og Grikklandi, evrulöndum sem höfðu lengt í gríðarlegum efnahagslegum hremmingum, höfðu gefið út skuldabréf í evrum eftir nokkurt hlé. Kjör þeirra höfðu farið batnandi jafnt og þétt.

Það virtist því vera stemmning á markaði fyrir skuldabréfaútgáfum þeirra landa sem höfðu lent verst í stormi efnahagshrunsins sem hófst 2008. Þegar litið var til þess að álag íslenskra ríkisskuldabréfa í dollurum hafði líka batnað mikið frá lokum árs 2013 litu aðstæður, að mati stjórnenda Arion banka og samstarfsbanka þeirra erlendis, nokkuð vel út. Talið var að bankinn gæri ráðist í 300 til 500 milljóna evra útgáfu, 46,3 til 77,2 milljarða króna, sem bæri vaxtaálag ofan á Euribor-vexti sem væri jafnvel undir 300 punktum (þremur prósentum). Til stóð að skuldabréfin yrðu til þriggja ára



Withings blóðþrýstingsmælir
- Nákvæm og einföld mæling
- Sendir beint í símann

26.950 kr.

HLUSTAÐU

Eirberg



Allar vörur frá Withings tengjast þráðlaust við snjallsíma með heilsu-appinu Health Mate. Fáðu betri yfirsýn yfir heilsuþætti og bættu árangur.

Withings Pulse
- Hreyfi- svefn- og púlsmælir
- Aðeins 8 gr.

24.750 kr.



Á LÍKAMANN

Withings snjallvog
- Mælir þyngd, fitu, púls og loftgæði

36.750 kr.



Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg.is

og að kaupendurnir yrðu nokkrir tugir talsins. Slíkt átti að tryggja að bréfin yrðu viðskiptahæf.

Fjármögnunin sem bauðst var of dýr

Í vikunni eftir páska fóru forsvarsmenn Arion banka í fjárfestaheimsóknir til London, Stokkhólms, Helsinki og Kaupmannahafnar. Í sömu viku fór gríski bankinn NBG á markað með fimm ára skuldabréfaútgáfu sem seldist illa. Að sögn Haraldar Guðna Eiðssonar, upplýsingafulltrúa Arion banka, olli hin misheppnaða útgáfa NBG nokkrum óróa á fjármálamörkuðum. Auk þess hafði ástandið í Úkraínu neikvæð áhrif á kjör.



Dýrari lán
Kostnaður íslenskra banka við að fjármagna sig hefur bein áhrif á þau lánakjör sem íslensku atvinnulífi og almenningi bjóðast. Því hefur kostnaðurinn bein áhrif á lífskjör.

Þau kjör sem Arion banka buðust voru því 350 punktar yfir Euribor-vöxtum, sem var hærra en lagt var upp með. Því var tilkynnt í byrjun maí að Arion hefði frestað útgáfunni.

Spurður hvort Arion banki hafi fengið einhver skilaboð um hvað hann þyrfti að gera til að fá þau kjör sem vonast hafði verið eftir segir Haraldur Guðni að fyrst og fremst sé tvennt sem geti haft áhrif á kjörin. Annars vegar séu það markaðsaðstæður. Ef kjör batni almennt, til dæmis ef dragi úr ólgu í samskiptum Úkraínu og Rússlands, muni það hafa áhrif á kjör Arion banka. „Hins vegar er það staða íslenskra banka og þess umhverfis sem þeir starfa í. Það er til dæmis mikilvægt að aukinn stöðugleiki sé í efnahagslífinu hér á landi og að óvissuþáttum haldi áfram að fækka. Þar erum við ekki síst að horfa til mikilvægis þess að áætlun um losun gjaldeyrishafta verði hrint í framkvæmd. Einnig myndi hækkandi lánshæfismat íslenska ríkisins geta leitt til betri kjara.“

Íslandsbanki náði í betri kjör en minni upphæð

Nokkrum dögum eftir að Arion banki frestaði sinni útgáfu tilkynnti Íslandsbanki um fyrstu skuldabréfaútgáfu sína í evrum. Kjörin voru 300 punktar ofan á Euribor-vexti. Um var að ræða fyrstu útgáfu íslensks banka í evrum sem hefur selst eftir bankahrun. Hún var þó bæði mun minni, 100 milljónir evra, 15,4 milljarðar króna, og til styttri tíma, tveggja ára, en sú sem Arion banki ætlaði að ráðast í.

Atvinnumaðurinn sem varð trillukarl

Fyrrverandi knattspyrnuhetjan Heiðar Helguson er fámáll maður. Hann hefur í gegnum tíðina kosið að tjá sig helst á knattspyrnuvellinum en ræðir nú í fyrsta skipti um lífið eftir atvinnumennskuna i fótbolta.



VIÐTAL
Ægir Þór Eysteinsson
@aegireysteins

Dalvíkingurinn Heiðar Helguson hefur án efa verið einn af ástsælustu knattspyrnumönnum þjóðarinnar á síðustu árum. Dugnaður hans, dirfska og þor hefur hrifið margan knattspyrnuáhugamanninn í gegnum tíðina, óháð ólíkum skoðunum þeirra á hæfileikum hans á knattspyrnuvellinum. Hann er nefnilega gæddur ákveðnum eiginleikum sem gera hann að leikmanninum sem stuðningsmennirnir elska.

Heiðar var átta ára gamall þegar hann byrjaði að mæta á æfingar hjá UMFS Dalvík í heimabænum, en hann var einungis fimmtán ára gamall þegar hann lék sinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir uppeldisfélagið árið 1993. Þrátt fyrir ungan aldur skoraði Heiðar fimm mörk í ellefu leikjum fyrir félagið, sem var frammistaða sem vakti athygli Þróttara í Reykjavík á hæfileikum unga Dalvíkingsins sem þeir fengu til liðs við sig.

„Eftir það var ljóst að Dalvíkingurinn var aldeilis ekki á leið aftur til Íslands með skottið á milli fótanna, heldur upphófst langur og farsæll atvinnumannaferill sem spannar fimmtán ár.“

Heiðar spilaði 54 leiki fyrir Þrótt á árunum 1995 til 1997 og skoraði í þeim 31 mark. Framganga Heiðars fréttist út fyrir landsteinanna og fljótlega varð ljóst að eftirlæti Þróttara færi brátt út í hinn stóra heim til að láta að sér kveða.

Litríkur atvinnumannaferill hefst

Heiðar gekk til liðs við norska úrvalsdeildarliðið Lillestrøm árið 1998. Hann vakti strax athygli ytra með því að velja sér númerið 1 á keppnistreyjuna en heldur brösulega gekk að finna netmöskvana á fyrsta tímabilinu og skoraði hann aðeins tvö mörk. Tímabilið á eftir var hins vegar allt annað uppi á teningnum og raðaði Heiðar inn mörkunum – skoraði sextán deildarmörk. Eftir það var ljóst að Dalvíkingurinn var aldeilis ekki á leið aftur til Íslands með skottið á milli fótanna, heldur upphófst langur og farsæll atvinnumannaferill sem spannar fimmtán ár.

Auk Lillestrøm lék Heiðar með Í ensku deildinni með liðunum Watford, Fulham, Bolton Wanderers, Queens Park

Rangers og Cardiff City á farsælum ferli. Á síðasta tímabili Heiðars í ensku knattspyrnunni hjálpaði hann Cardiff að tryggja sér sæti í ensku úrvalsdeildinni. Hið sama hafði hann gert árið 2011 þegar Queens Park Rangers tryggði sér sæti á meðal þeirra bestu á Englandi.

„Það gekk vel hjá Lillestrøm, allavega seinna árið, og það var mjög gott að búa í Noregi," segir Heiðar þegar blaðamaður spyr hann hvar honum hafi liðið best á ferlinum og hvar vistin hafi reynst honum erfiðust. „Mér leið mjög vel hjá Watford og það var frábær stemmning í Fulham þó að ég hafi ekki fengið að spila eins mikið og ég hefði viljað. Hins vegar má segja að knattspyrnuferillinn hafi tekið krappa dýfu þegar ég gekk til liðs við Bolton."


Heiðar meiddist á undirbúningstímabilinu hjá Bolton og náði sér aldrei almennilega á strik hjá liðinu. Meiðslin sem hann varð fyrir voru þrálát og illa gekk hjá læknateymi liðsins að meðhöndla þau. Heiðar var frá keppni meira og minna í ár, allt þar til hann fékk loksins þá meðhöndlun sem hann þurfti til að ná bata. Skömmu síðar var hann lánaður til Queens Park Rangers, sem gekk frá kaupum á Heiðari stuttu seinna.

Unir sér vel úti á sjó
Heiðar er mjög ánægður með að hafa skipt út takkaskónum fyrir slorgallann.
Mynd: Anton Brink



Er heimsmyndin í molum?

Á verkstæði Macland færðu nýjan skjá og línurnar skýrast.



Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | hjalp@macland.is | **macland.is**

macland

HEILRÆÐI HEIÐARS TIL FORELDRA OG UMBOÐSMANNA VERÐANDI ATVINNUMANNA

„Það er gríðarlega mikilvægt að vel sé haldið utan um ungt fólk sem er á leið út í atvinnumennsku. Þegar ungt fólk heldur utan er það rifið úr sínu nánasta neti fjölskyldu og vina, sem er þá ekki lengur til staðar til að styðja við viðkomandi. Maður er mikið einn, og ekki lengur hetjan í liðinu eða bestur, heldur bara einn af mörgum. Margir flosna upp úr námi, því aðeins eitt kemst að í kollinum á þeim, að slá í gegn erlendis. Þeir sem ekki komast á samning eiga því á hættu að snúa aftur heim, ómenntaðir og með enga reynslu af því að vinna.

Í atvinnumennskunni er mikill frítími á milli æfinga og leikja og því auðvelt að drepa tímann með því að hanga í tölvunni og láta sér leiðast.

Ég hvet foreldra og umboðsmenn verðandi ungra atvinnumanna að brýna fyrir þeim að sækja sér menntun á meðan á dvöl þeirra erlendis stendur. Oft er talað um að það sé enginn tími fyrir skóla í atvinnumennskunni en það er ekki rétt. Það er hægt að taka fjarnám og svo styðja leikmannasambönd oft leikmenn í að leita sér menntunar, meðal annars með því að niðurgreiða menntun þeirra að hluta.

Ef ég væri að senda einhvern strákanna minna út í atvinnumennskuna myndi ég hiklaust skikka þá til að sækja sér menntun þar ytra um leið.“

Kann mjög vel við Joey Barton

„Fyrsta árið þar var eiginlega martröð, og ekki bara fyrir mig heldur alla. Eigendurnir voru snarvitlausir, vildu ráða öllu um leikmannakaup og ég veit ekki hversu margir þjálfarar komu og fóru. Þaðan fór ég að láni til Watford og þar fann ég ánægjuna af því að spila fótbolta aftur. Svo þegar Neil Warnock tók við QPR vildi hann fá mig aftur, en hann var ráðinn á þeim forsendum að hann fengi að ráða í einu og öllu. Hann keypti leikmennina sem hann taldi sig þurfa og árangurinn var eftir því. Ég fékk að spila og stóð mig ágætlega og við fórum upp um deild. Það var eiginlega hápunkturinn á ferlinum, sérstaklega eftir það sem á undan hafði gengið,“ segir Heiðar.



Umdeildur strigakjaftur
Joey Barton er einn umdeildasti knattspyrnumaður Englands fyrr og síðar.

Á meðal liðsfélaga Heiðars þegar Queens Park Rangers vann ensku Championship-deildina og tryggði sér sæti í ensku úrvalsdeildinni var hinn umdeildi og littíki Joey Barton. Varla er til sá knattspyrnuáhugamaður sem hefur margt gott að segja um þann leikmann, en hann er einna frægastur fyrir að láta reka sig út af í lokaleik Queens Park Rangers, þegar fall úr deildinni blasti við liðinu, fyrir ofbeldi gagnvart tveimur ef ekki fleiri leikmönnum þáverandi

Englandsmeisturum Manchester City. Þá hefur Barton ítrekað látið umdeild ummæli falla í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum um hinna ýmsu leikmenn. Heiðar segir þeim Joey Barton vel til vina.

„Ég kann mjög vel við hann og fíla hann mjög vel. Hann er bara eins og hann er. Hann er umdeildur og óhræddur við að segja skoðanir sínar og honum er þá alveg sama hvern hann móðgar. Við náðum mjög vel saman og erum vinir í dag, ég spilaði til að mynda með honum golf um daginn," segir Heiðar og brosir.

Eftirminnilegir samherjar og mótherjar

Þeir hlaupa á hundruðum, leikmennirnir sem Heiðar hefur spilað með í gegnum tíðina. Spurður hvaða samherjar hafi verið eftirminnilegastir segir hann: „Steed Malbranque hjá Fulham var hrikalega góður en ætli Adel Taarabt hjá QPR hafi ekki verið hæfileikasti leikmaður sem ég hef spilað með. Það sem hann gat gert á vellinum var ótrúlegt, þegar hann nennti því."

Heiðar þekkir vel muninn á 1. deildinni og úrvalsdeildinni í Englandi. Hann segir hörkuna og hraðann í enska boltanum oft ekki skila sér að fullu inn í stofu til sjónvarpsáhorfenda. „Þetta eru gríðarleg slagsmál og hraðinn er alveg ótrúlegur. Mér fannst erfiðara líkamlega að spila í Championship, þar eru meiri slagsmál, en þar er líka spilaður öðruvísi fótbolti. Þar er meira spilað langt og allir eru á fullu gasi allan tímann. Í úrvalsdeildinni er þetta meira kaflaskipt, og þar er meira spilað manna á milli aftast og þá nær maður að anda á milli. Í 1. deildinni er fótboltinn eiginlega eins og borðtennis."

Sökum líkamlegs leikstíls Heiðars hefur hann marga hildina háð við varnarmenn á Englandi. „Af þeim varnarmönnum sem ég hef spilað við í gegnum tíðina átti ég alltaf í mestu erfiðleikunum með Ledley King hjá Tottenham. Þó að hann hafi bara verið á hálfri löpp var hann stór, sterkur, fljótur og góður á boltanum og svo var hann alveg til í að slást líka," segir Heiðar og brosir.



Markaskorari í nýju hlutverki
Lífið hjá Heiðari hefur tekið miklum stakkaskiptum eftir að hann hætti sem atvinnumaður í fótbolta.
Mynd: Anton Brink

Hættur í fótbolta fyrir fullt og allt

Síðasta tímabil Heiðars í atvinnumennskunni á Englandi var tímabilið 2012 til 2013. Hann segir ákvörðun sína um að leggja takkaskóna á hilluna hafa haft nokkurn aðdraganda en hún hafi ekki reynst honum þungbær. „Ég ákvað eiginlega tveimur árum fyrir þetta tímabil að það yrði mitt síðasta í atvinnumennskunni. Fyrir þetta síðasta tímabil var ég ekki inni í myndinni hjá Mark Hughes, þjálfara Queens Park Rangers, hann var ekki að fíla mig, þannig að þegar mér bauðst að ganga til liðs við Cardiff hikaði ég ekki við að færa mig þangað. Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun, því það var gaman að enda ferilinn á því að hjálpa Cardiff að komast í úrvalsdeildina."

Þegar blaðamaður spyr hvort það hafi nokkurn tímann komið til greina að taka takkaskóna fram aftur og spila á Íslandi, er svar Heiðars einfalt. „Nei, það kom aldrei til greina. Þetta var orðið erfitt, það tók alltaf lengri og lengri tíma að jafna sig á milli leikja. Svo var maður oft að fara í leiki hálf lemstraður og ég var bara orðinn þreyttur og áhugalaus. Þegar hausinn er farinn er bara best að hætta þessu, því þá get ég hvort eð er ekki neitt."

Nokkur íslensk lið höfðu samband við Heiðar í fyrrasumar og vildu fá hann til liðs vð sig. „Ég fékk nokkur símtöl en ég var búinn að ákveða að hætta alveg og það kom aldrei til greina að breyta því. Ég er búinn að fá nóg af boltanum og það er kominn tími til að fara að gera eitthvað annað."

Fótbolti er enn mikil ástríða hjá Heiðari, sem spilar fótbolta einu sinni í viku með gömlum félögum úr Þrótti. Svo fylgist hann enn grannt með gangi mála á Englandi, en hann hefur stutt Liverpool frá unga aldri. Hann tók eina þjálfunargráðu í Englandi og útilokar ekki að hann verði viðriðinn fótbolta aftur í framtíðinni. „Ég tók þessa gráðu, eiginlega bara til þess að hafa hana. Ég ætla aldrei að segja aldrei, að maður blandi sér ekki aftur í fótboltann einhvern tímann. Það hefur ekkert spennandi komið upp á ennþá í þeim efnum en ég ætla ekki að útiloka neitt. Maður á enn langt eftir."

HEIÐAR TEKINN INN Í FRÆGÐARHÖLL WATFORD

Heiðar var tekinn inn í frægðarhöll (e. Hall of Fame) enska knattspyrnufélagsins Watford á lokahófi félagsins á dögunum. Einn fyrrverandi leikmaður liðsins er að jafnaði tekinn inn í höllina á hverju ári.

Heiðar lék við góðan orðstír hjá félaginu, fyrst á árunum 1999 til 2005 og svo aftur á láni tímabilið 2009 til 2010. Hann er dáður á meðal stuðningsmanna félagsins og liðsfélaga, en hann lék 228 leiki með Watford og skoraði í þeim 75 mörk.

Í tilefni af viðurkenningunni lét Watford búa til rúmlega tíu mínútna langt myndband um Heiðar, með flottustu mörkunum hans, þar sem fyrrverandi leikmenn og þjálfarar hrósa honum í hástert. Hægt er að horfa á stiklu úr myndbandinu á Youtube-síðu Watford.

Heiðar flaug út til Englands til að vera viðstaddur þegar honum var veitt viðurkenning fyrir góða frammistöðu fyrir félagið.

Í umsögn á vef Watford í tilefni útnefningarinnar segir: „Hugrakkur og hvetjandi framherji sem sýndi óttaleysi sitt strax í fyrsta leik með því að skora gegn Liverpool í ensku úrvalsdeildinni í janúar árið 2000. [...] Íslendingurinn á fastan sess í hjörtum stuðningsmanna Watford.“

Fékk nóg af landsliðinu

Heiðar á að baki farsælan feril með íslenska landsliðinu í fótbolta, en hann spilaði sinn fyrsta leik fyrir landsliðið árið 1999 í vináttuleik á móti Möltu þegar hann kom inn á sem varamaður fyrir Ríkharð Daðason. Heiðar hætti að spila með landsliðinu árið 2011, eftir 55 leiki og tólf mörk, en árið 2007 tilkynnti hann óvænt að hann myndi ekki gefa framar kost á sér fyrir íslenska liðið.

„Á þessum tíma fékk ég bara einhvern veginn nóg af því að spila með landsliðinu. Ég var orðinn þreyttur á þessum endalausu ferðalögum, svo var ég ekkert að fá að spila fyrir landsliðið af neinu viti og ég var hættur að hlakka til að fara í landsliðsferðirnar. Hausinn var ekki lengur hundrað prósent í þessu og þá þýddi ekkert fyrir mig að vera í þessu lengur.“

Heiðar sneri aftur í landsliðið síðla sumars 2008 og segir tilhlökkunina þá hafa komið aftur, en hann hætti endanlega með landsliðinu árið 2011 eins og áður segir. Hann segir bjarta tíma fram undan hjá landsliðinu og telur að þess verði ekki langt að bíða að liðið tryggi sér þátttökurétt á stórmóti í fyrsta sinn. „Við vorum ansi nálægt því að komast þangað núna og sú reynsla mun sitja vel í liðinu. Það eru hörkuleikmenn að spila á Íslandi og hellingur af flottum ungum strákum að koma í gegnum unglingastarfið hjá félögunum.

SENNHEISER

PFAFF

UPPLIFÐU ALVÖRU GÆÐI



DW Office
þráðlaust heyrnartól

- hljómgæði - hljóðvernd - hönnun og þægindi.
- Drægni 55 metrar innan skrifstofu - 180 í beinni línu

Verð frá 47.900 kr.

SÍMSTÖÐ SL1100 FRÁ NEC



Einföld og öflug símstöð fyrir allt að 72 notendur og 36 bæjarlínur.
Verð 114.900 Kr.

SENNHEISER HEYRNARTÓL FYRIR ÞJÓNUSTUVER OG SKRIFSTOFUR



SC heyrnartól
Verð frá 9.995 kr.



SH heyrnartól
Verð frá 15.900 kr.



CC heyrnartól
Verð frá 26.900 kr.

Nánari upplýsingar: simamal@pfaff.is

PFAFF - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 414 0400 - WWW.PFAFF.IS

NEC SENNHEISER



Einn í heiminum
Það getur verið einmanalegt að róa á miðin einsamall.
Mynd: Anton Brink

Við erum með ungt landslið sem á enn mikið inni, og svo eru fleiri strákar að standa sig vel í atvinnumennskunni, til að mynda í Noregi og annars staðar, sem eru farnir að banka hressilega á landsliðsdyrnar. Þannig að ég sé ekkert annað en bjart fram undan hjá landsliðinu.“

Gjálífið í atvinnumennskunni heillaði aldrei

Heiðar var rétt liðlega tvítugur þegar hann hélt utan til Noregs í atvinnumennskuna. Kærastan hans, Eik Gísladóttir, fylgdi honum út og stóð þétt við bakið á honum, bæði á erfiðum og ánægjulegum tímabilum atvinnumennskunnar. Þau eiga í dag þrjá syni; Aron, sem er fimmtán ára, Óliver, sem er þrettán ára og Ómar sem er sjö ára gamall.

„Konan kom með mér út og setti þar með líf sitt svolítið á ís á meðan hún elti mig í fótboltann. Það var ómetanlegt fyrir mig að hafa hana með mér þarna úti, því þetta getur verið rosalega einmanalegur heimur þegar maður ert einn. Mikill frítími á milli æfinga og leikja og lítið við að vera. Það að hafa einhvern með sér í þessu, bæði þegar vel gengur og svo til að hugga mann þegar allt fer til andskotans, var algjörlega ómetanlegt fyrir mig.“



Fjölskyldan í fyrirrúmi
Heiðar er mikill fjölskyldumaður. Hér er hann ásamt konunni sinni Eik og þremur sonum þeirra; Aroni, Óliver og Ómari. Mynd: Anton Brink

Heiðar segir fjölskyldunni hafa liðið vel í útlöndum, og gjálífið í kringum fótboltann í Englandi hafi aldrei heillað. „Þetta var auðvitað langur tími en við höfðum það gott. Gerðum það sem við vildum, ferðuðumst víða og vörðum miklum tíma saman fjölskyldan. Lífsstíllinn sem einkennir enska boltann, og þá sérstaklega í kringum úrvalsdeildina, heillaði mig aldrei. Það eru nefnilega gildrur úti um allt í atvinnumennskunni, hver leikmaður á fætur öðrum var að verða gjaldþrota, ýmist vegna spilafíknar eða einhver hákarl hafði komst í veskið þeirra með gylliboðum um þátttöku í fáránlegum fjárfestingum. Ég hefði alls ekki viljað fara einn út í atvinnumennskuna.“

Úr atvinnumennsku í sjómennsku

Eftir að atvinnumannaferlinum lauk flutti Heiðar aftur í Laugardalinn ásamt fjölskyldu sinni. Synir þeirra hjóna æfa allir fótbolta með Þrótti og fjölskyldunni líður vel að vera komin aftur til Íslands.

„Síðustu árin kom eiginlega ekkert annað til greina en að flytja aftur heim til Íslands. Við vildum að strákarnir færu í

skóla hérna og að þeir myndu alast upp á Íslandi. Hér er líka miklu meira frelsi fyrir þá, þannig að það kom aldrei annað til greina en að fara aftur heim undir það síðasta.“

Eftir að fjölskyldan fluttist aftur heim til Íslands tók Heiðar sér nokkra mánuði til að hugsa um hvað hann ætti nú að taka sér fyrir hendur. Flestir knattspyrnumenn sem snúa til baka út atvinnumennsku kjósa að vera áfram viðriðnir fótboltann en Heiðar ákvað að róa á gamalkunn mið. Úr varð að Heiðar ákvað að hella sér út í útgerð, keypti sér kvóta og Sómabát sem hann gerir út frá Hafnarfirði.

„Mig langaði mikið að finna eitthvað að gera þar sem ég gæti ráðið mér sjálfur. Ég er ekki með neina menntun í einu né neinu og það takmarkaði möguleikana mína aðeins.“

„Ég keypti mér bát á Ólafsvík og sigldi honum til Hafnarfjarðar í snarvitlausu veðri. Fjölskyldan mín á Dalvík hefur verið viðriðin sjómennsku í hundrað ár og ég var eitthvað á sjó áður en ég fór á fullt í fótboltann, auk þess sem ég hafði unnið mikið í fiski á Dalvík. Þannig að þessi ákvörðun lá vel við.“

Á árum áður fór Heiðar nokkra túra á togaranum Blika EA sem ungur maður á Dalvík. „Ég varð hrikalega sjóveikur og ældi úr mér lungunum í öll skiptin. Þegar ég ákvað að fara aftur í sjómennskuna núna krosslagði ég bara fingurna og vonaði að sjóveikin væri farin fyrir fullt og allt. Ég hef allavega ekki orðið sjóveikur enn,“ segir Heiðar og hlær.

Rómantíkin við sjómennskuna heillaði

Fyrrverandi knattspyrnuhetjan sem ákvað að gerast sjómaður er mjög sátt við ákvörðunina um að fara aftur á sjóinn. „Mig langaði mikið að finna eitthvað að gera þar sem ég gæti ráðið mér sjálfur. Ég er ekki með neina menntun í einu né neinu og það takmarkaði möguleikana mína aðeins,“ segir Heiðar og brosir. „Svo hef ég líka gaman af líkamlegri vinnu og vil stjórna mér sjálfur, hvenær ég vinn og hvenær ekki. Þetta bara hentaði vel og ég sé ekkert eftir þeirri ákvörðun.“

Fyrir mann sem hefur unnið við að keppa í hópíþrótt til

margra ára hljóta það að vera mikil viðbrigði að vera nú orðinn trillukarl, einn úti á ballarhafi að róa. „Auðvitað er þetta mikil breyting frá því að mæta í vinnuna með þrjátíu öðrum gaurum og spila fótbolta, og vera nú orðinn einn. Það er samt ekkert betra en að vera einn í góðu veðri út á sjó, en það getur auðvitað líka verið einmanalegt að standa í þessu einn. Þess vegna er ég duglegur að draga konuna, strákana mína, vini og vandamenn með mér í veiðitúra, það er óneitanlega skemmtilegra og það er enginn skortur á sjálfboðaliðum í kringum mig," segir Heiðar.

Eins og áður segir keypti Heiðar sér Sómabát og kvóta til að koma sér aftur á sjóinn. Hann segir afar kostnaðarsamt að koma sér inn í fiskveiðistjórnunarkerfið. „Það er mjög dýrt að kaupa sér kvóta og svo hefur verð á smábátum rokið upp eftir að strandveiðarnar voru innleiddar. Svo er olíukostnaður mikill og viðhald á bátnum og grænjum sömuleiðis dýrt." Heiðar fer í dagróðra til að veiða upp í kvótann sem hann keypti en hann hyggst sömuleiðis taka þátt í strandveiðunum.

Á stíminu
Heiðar keypti sér bát á Ólafsvík og sigldi honum til Reykjavíkur í fárviðri. Báturinn hans heitir Tumi litli.
Myndir: Anton Brink



„Ég hef ekkert nema gott að segja um strandveiðarnar. Ef mér finnst eitthvað gagnrýnivert er það sú tilhögun að heimila aðeins veiðar á tilteknum dögum. Það stuðlar að því að þetta er mikið kapphlaup um aflann og menn neyðast til að fara út á sjó í vondum veðrum sem þeir myndu ella ekki gera.“

Að lokum spyr blaðamaður hvar fyrrverandi fótboltakappinn sjái sig eftir nokkur ár. „Ég veit það ekki. Ætli maður verði ekki bara áfram að reyna að njóta lífsins og halda sér uppteknum við að gera eitthvað og skemmta sér inni á milli, spila golf og verja tíma með fjölskyldunni. Það verður auðvitað helsta verkefni næstu ára að koma þessum strákum almennilega upp, maður verður að reyna að skila þeim af sér þokkalegum, og það virðist vera að takast sýnist mér á öllu.“


„Það stuðlar að því að þetta er mikið kapphlaup um aflann og menn neyðast til að fara út á sjó í vondum veðrum sem þeir myndu ella ekki gera.“



kjarninn 22. maí 2014

Meirihlutinn bætir við sig

Samfylkingin og Björt framtíð eru með pálmann í höndunum.




Fátt virðist geta komið í veg fyrir að Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, verði næsti borgarstjóri í Reykjavík. Nú, þegar níu dagar eru til kosninga, mælist Samfylkingin með sterka stöðu í borgarstjórn, sex borgarfulltrúa í sumum könnunum, og Björt framtíð með fjóra. Meirihlutinn heldur því ekki aðeins, heldur virðist vera að styrkjast í sessi. Á sama tíma eru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn í bullandi vandræðum.

Smelltu hér til að hlusta á þáttinn

Kjarnaofninn er liður í kosningaumfjöllun Kjarnans þar sem helstu kosningamál framboðanna eru rædd. Þættirnir birtast hér í Kjarnanum og í hlaðvarpsstraumi Kjarnans.

Fylgi framboða til borgarstjórnar í Reykjavík

Samkvæmt nýjustu kosningaspá gerð 20. maí 2014



REYKJAVÍK Samfylkingin stingur af eftir könnun Félagsvísindastofnunnar

Samfylkingin étur fylgi Sjálfstæðisflokksins

Björt framtíð bætir við sig borgarfulltrúa á milli kosningaspáa á kostnað Sjálfstæðisflokksins. Þetta kemur fram eftir að könnun Félagsvísindastofnunnar HÍ, sem birtist í Morgunblaðinu 20. maí, var reiknuð með í Kosningaspá Kjarnans og Dr. Baldurs Héðinssonar. Samfylkingin er enn stærsta stjórnmálaaflið í Reykjavík með 32 prósenta fylgi.

Fylgisaukningu Samfylkingarinnar má nánast alla skýra með fylgistapi Sjálfstæðisflokksins. Framboðin voru bæði með fimm fulltrúa í síðustu spá en könnun Félagsvísindastofnunnar breytir landslaginu mjög. Í henni mælist Samfylkingin með sex fulltrúa, Björt framtíð með fjóra en Sjálfstæðisflokkurinn þrjá. Píratar og VG fá sitt hvoran fulltrúann. Píratar, Vinstri græn og Framsókn tapa öll örlítið á milli kosningaspáa. Það dugar þó ekki til að krækja í sæti á lista 20 efstu frambjóðenda. Fimmtán ná kjöri en í sextánda sæti situr nú sjötti maður Samfylkingarinnar og þar á eftir annar fulltrúi Pírata. Oddviti Framsóknar og flugvallavina er ekki lengur á lista tuttugu efstu. **BÞH**


Aðferðin

Forsendur spárinnar

Kosningaspa.is sameinar niðurstöður skoðanakannana við útreikning á fylgi flokka. Hverri könnun er gefið vægi sem ákvarðast af þremur þáttum: Hvar og hvenær könnunin er framkvæmd og hversu margir taka þátt. Því er spáin vegið meðaltal af könnunum. Nánar

Þróun á fylgi flokka og fjölda borgarfulltrúa á flokk í Reykjavík

Kosningaspá keyrð á tímabilinu 26. febrúar til 20. maí 2014



Þróun á fjölda fulltrúa




Röðun fulltrúa samkvæmt nýjustu spá

Fimmtán fulltrúar eru kjörnir í borgarstjórn

Björt framtíð
Framsóknarflokkur
Sjálfstæðisflokkur
Samfylkingin
Dögun
Vinstri grænir
Pírataflokkurinn

1	S1	6	Æ2	11	Æ3	*16*	*S6*
2	D1	7	S3	12	V1	*17*	*Þ2*
3	Æ1	8	Þ1	13	S5	*18*	*D5*
4	S2	9	S4	14	D4	*19*	*Æ5*
5	D2	10	D3	15	Æ4	*20*	*D6*



Vikmörk í nýjustu spá

B	1,5%	V	2,0%
D	3,4%	Þ	2,4%
S	3,8%	Æ	3,3
T	1,1%		

Kannanir í spá

Gerð 20. maí 2014

- Þjóðarpúls Capacent gerður 15. apríl til 7. maí 2014.
- Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 gerð 29. apríl 2014.
- Könnun Félagsvísindastofnunar gerð 29. apríl til 6. maí 2014.
- Könnun Félagsvísindastofnunar gerð 12. maí til 15. maí 2014.

Eldmóður og tiltrú

Kristján Freyr Kristjánsson segir frumkvöðla þurfa að vera óhrædda við hjálp.



Það er oft erfitt fyrir frumkvöðla að átta sig á því hvar eigi að ná í fjármagn. Kristján Freyr Kristjánsson, hjá Meniga og áður Klak Innovit, segir frumkvöðla þurfa að reyna að sannfæra fjárfesta til þess að leggja þeim til fé á grundvelli trúar á fólkið sem stendur að baki hugmyndinni. Hún sé oft hálfgert aukaatriði á meðan eldmóður, dugnaður og vilji til þess að taka við góðum ráðum frá öðrum geti ráðið úrslitum.

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um Start Up Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN



SJÖ SPURNINGAR

Þorbjörn Þórðarson

Fréttamaður á Stöð 2 og lögfræðingur

Ber mest traust til Bjarna

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Sumarið með tilheyrandi blíðviðri, vonandi.

Hvert er þitt helsta áhugamál?

Líkamsrækt og golf.

Hvaða bók last þú síðast?

Íslenska þjóðríkið eftir Guðmund Hálfdánarson strax í kjölfar Hamskipta Inga Freys Vilhjálmssonar. Ingi Freyr vitnar í þá bók og þess vegna las ég hana.

Hvert er þitt uppáhaldslag?

Losing My Religion með R.E.M.

Til hvaða ráðherra berðu mest traust?

Bjarna Benediktssonar fjármála- og efnahagsráðherra.

Ef þú ættir að fara til útlanda á morgun og mættir velja land, hvert myndir þú vilja fara?

Auðveld spurning. Til Ítalíu í Toskana-héraðið.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Uppgerð og yfirborðsmennska hjá sumu fólki.

AF NETINU

Samfélagið segir

um sölu á hlut í Landsvirkjun

Facebook



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Sala á Landsvirkjun að hluta eða öllu leyti til lífeyrissjóðanna er einkavæðing. Einkavæðing orkufyrirtækja í ríkiseigu kemur einfaldlega ekki til greina. Það sagði ég 2007, 2010 og nú aftur 2014.

Miðvikudagurinn 21. mars 2014



ELÍN HIRST

Kemur vel til greina að mínu mati. Lífeyrissjóðirnir sem eru í eigu íslensks almennings vantar fjárfestingatækifæri. Ríkissjóður þarf að selja eignir td. til að endurbyggja Landspítala Íslands.

Þriðjudagurinn 20. mars 2014



SIGURVIN KRISTJÓNSSON

Landráð.

Miðvikudagurinn 21. maí 2014.


Twitter



LANDVERND @Landvernd

Fram kom á ársfundi Landsvirkjunar í dag að fyrirtækið geti greitt niður skuldir sínar á tæpum tíu árum verði...http://fb.me/2Ue5AkCcL

Þriðjudagurinn 20. maí 2014



KONNI WAAGE @konninn

Flott seljum landsvirkjun til lífeyrissjóða, sömu lífeyrissjóðir sem rikið bailaði út í hruninu? #Score #VelGertBBogSDG

Þriðjudagurinn 20. mars 2014



HELGI JÓHANN HAUKSSO @HelgiJohann

Eign er lífeyrissjóðum einskis verð ef þeir geta ekki selt hana þeim sem hæst býður hvejrum tíma. Þjónusta sem...fb.me/4eMQbL8B6

Þriðjudagurinn 20. mars 2014

BAKHERBERGIÐ

Yfirtaka á Konunglega legið í loftinu

Tilkynnt var um yfirtöku 365 miðla á Konunglega kvikmyndafélaginu,sem rekur sjónvarpsstöðvarnar Bravó og Miklagarð, fyrr í vikunni. Gestur í bakherberginu sagði málið þó hafa átt töluverðan aðdraganda. Til að mynda hafi hann séð Huga Halldórsson, einn stofnanda Konunglega kvikmyndafélagsins, koma af út af skrifstofu Ingibjargar Pálmadóttur, aðaleiganda 365, um miðjan apríl síðastliðinn. Með honum voru Ari Edwald og Jón Ásgeir Jóhannesson. Tveimur vikum síðar var öllu starfsfólki sagt upp og í byrjun þessarar viku tilkynnt um yfirtöku 365 miðla á öllu hlutafé.

Spennuþrungið andrúmsloft

Á hádegisfundi Félags viðskipta- og hagfræðinga fyrr í vikunni var spennuþrungið andrúmsloft þar sem mörg ólík sjónarmið eru uppi um hvernig skuli farið að, þegar kemur að slitabúum föllnu bankanna og afnámi hafta, sem var meginefni fundarins. Á fundinum voru starfsmenn frá slitastjórnum, Steinunn Guðbjartsdóttir og Jóhannes Rúnar Jóhannsson þar á meðal, auk helstu trúnaðarmanna stjórnvalda sem tóku þátt í umræðum, Sigurður Hannesson, Eiríkur Svavarsson og fleiri. Augljóst var að ekki eru allir sammála um hvernig skuli staðið að þessum málum.













Stjörnurnar mættar til Cannes
Mynd: AFP

Ár hvert mæta allar skærustu stjörnur hvíta tjaldsins til Cannes á frönsku Rivíerunni til að vera viðstaddar afhendingu Gullpálmans á kvikmyndahátíðinni þar í borg. Yfirleitt er mikið um dýrðir enda sumarið löngu komið við glitrandi strendur Miðjarðarhafsins. Bandaríska leikkonan Eva Longoria stillir sér upp.



Mynd: AFP

Ringulreið í Jos

Tvær bílsprengjur sprungu á markaði í borginni Jos á hásléttunni í Nígeríu í gærmorgun með þeim afleiðingum að 118 hið minnsta létust og byggingar hrundu. Óttast er að fleiri lík finnist í rústum húsanna. Boko Haram-samtökin eru grunuð um verknaðinn þrátt fyrir að enginn hafi lýst ódæðinu á hendur sér.



Langþreytt á ófriðnum
Þessi verkamaður í Maríupol í Úkraínu tók þátt í friðarkalli verkamanna í verksmiðjum Azov-stálfyrirtækisins. Áhrifamenn í Maríupol hafa nú stigið upp og óska eftir friði milli fylgismanna Rússa og stjórnvalda í Úkraínu í aðdraganda forsetakosninga þar í landi á næstu dögum.

Mynd: AFP



Mynd: AFP

Herlög sett á í Taílandi

Stjórnarandstæðingar hafa mótmælt í Taílandi undanfarið og óskað þess að nýskipaður forsætisráðherra landsins, Niwattumrong Boonsongpaisan, verði látinn víkja. Stjórnvöld hafa hins vegar sett herlög í landinu til að kæfa mótmælin. Yngluck Shinawatra var nýverið gert að láta af embætti forsætisráðherra.

SYSTKINAHÓPUR LEIÐARLJÓSS

Öll þurfum við á stuðningi að halda þegar eitthvað bjátar á.

Systkinahópur Leiðarljóss myndar stuðningsnet systkina um allt land sem styðja við bakið á Leiðarljósi með mánaðarlegum greiðslum og bæta þannig lífsgæði barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma.

Sem **systir** eða **bróðir** hjálpar þú okkur að veita alvarlega veikum börnum og fjölskyldum þeirra stuðning.



Smelltu hér!


KOMDU Í SYSTKINAHÓPINN

Farðu á **leidarljos.is** og skráðu þig í systkinahópinn eða hringdu í síma **907 3010** og styrktu Leiðarljós um **1000 kr.**



Mynd: AFP

Gríðarleg eyðilegging á Balkanskaga
Flóðin á Balkanskaga náðu hámarki sínu í gær og í fyrradag. Eftir að mesti vatnselgurinn var yfirstaðinn blasti eyðilegging á húsakynnum og ræktarlandi við íbúum. Talið er að minnst 49 hafi farist í hamförunum, flestir í Bosníu og Serbíu. Flóðin eru afleiðing gríðardjúprar lægðar sem gekk yfir í síðustu viku.



SPES Spennandi nýjung í boði fyrir sólbaðsunnendur

Drekkanleg sólarvörn leysir af kámugar lúkur

Dagar kámugra handa, eftir að hafa makað sólarvörn á líkamann eða aðra viðstadda, eða klístraðra sandkorna eru liðnir, því nú gefst sólbaðsdýrkendum kostur á að kaupa sér drekkanlega sólarvörn.

Bandaríska fyrirtækið Osmosis Skincare staðhæfir að varan veiti vörn gegn skaðlegum geislum sólarinnar upp að styrkleika 30 og mælir með að hennar sé neytt á fjögurra klukkutíma fresti í sólbaði, tveggja millilítra í senn ásamt vatni til að tryggja fulla virkni.

Á vefsíðu snyrtivörufyrirtækisins er að finna fjölmargar tilvitnanir í ánægða viðskiptavini þar sem þeir dásama vöruna en húðsjúkdómafræðingar hafa enn ekki tjáð sig um ágæti hennar.

Hundrað millilítra flaska kostar sem samsvarar 3.400 íslenskum krónum, en töfraseyðið er hægt að kaupa með tvenns konar virkni. Annars vegar virkni sem kemur í veg fyrir sólbrúnku, og hins vegar virkni sem stuðlar að útiteknu útliti. Þannig geta neytendur fengið sér sopa, orðið brúnir og varist geislum sólarinnar á einfaldan máta.

Jón Þorvaldur Heiðarsson
Lektor og situr í 6. sæti hjá Bjartri framtíð á Akureyri

kjarninn 22. maí 2014

Flugvöllurinn úr Vatnsmýri, ein útfærsla

Jón Þorvaldur Heiðarsson skrifar um færslu flugvallar úr Vatnsmýri.

Greiðar samgöngur til Reykjavíkur eru mikilvægar samfélaginu á Akureyrarsvæðinu. Sama má segja um aðrar landsbyggðir. Flugið er hluti af þessum samgöngum. Ef flugvöllurinn verður tekinn úr Vatnsmýrinni þarf fyrst að finna honum annan stað sem tryggir að þessi þáttur samgangna til og frá höfuðborginni versni ekki að ráði. Aðstæður á Hólmsheiði virðast ekki nægjanlega góðar og Keflavík er of langt í burtu frá Reykjavík. Ef innanlandsflug yrði rekið frá Keflavík yrði umtalsverð sóun í akstri og viðbótarfluglengd.



Hvaða kostir eru þá eftir? Vandamálið við flugvallarumræðuna er að ekki hefur verið gerð fullnægjandi skoðun á þeim. Umræðan hefur nær eingöngu snúist um hvort flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni eða fari, bara eitthvert. Ýmsar útfærslur eru til sem losa Vatnsmýrina við flugvöll en tryggja samt sem áður jafn góðar samgöngur og nú. Flugvöllur á Bessastaðanesi eða á Lönguskerjum eru dæmi um þetta.



Mynd 1
Reykjavíkurflugvöllur eins og hann er um þessar mundir.



Mynd 2
Áfangi 1, N-S brautin stytt í 1,3 km og A-V brautin lengd í 1,8 km.

Hér verður sett fram ein leið sem byggir á því að færa flugvöllinn í áföngum úr Vatnsmýrinni út í sjó. Þessa útfærslu má sjá á fimm eftirfylgjandi myndum.

Á mynd 1 má sjá flugvöllinn eins og hann er nú. Flugbrautirnar eru 1,5 og 1,7 km langar frá enda til enda malbiks (flugtæknilega eru þær styttri).

Í fyrsta áfanga (mynd 2) yrði norður-suðurbrautin (N-S) stytt niður í 1,3 km en austur-vesturbrautin (A-V) lengd í 1,8 km út í sjó og yrði þar með „langa braut“ flugvallarins. Þetta þýddi að oftast yrði notast við hana en sjaldnar við N-S brautina. Við þessa breytingu þyrfti að tengja Skildinganeshverfið með vegi til austurs að HR sem færi fyrir sunnan endann á N-S brautinni eða jafnvel með undirgöngum undir löngu brautina, sem þó er líklega dýrari lausn.

Í öðrum áfanga (mynd 3) yrði N-S brautin tekin og færð út í sjó fyrir vestan Skildinganes en yrði áfram um 1,3 km (gæti þó verið lengri). Brautin yrði heldur þverstæðari en áður á A-V brautina. Við þetta losnaði stærsti hluti Vatnsmýrarinnar. Þessi áfangi er stærstur af öllum í ferlinu. Sjófyllingar sem þessar er hægt að




Mynd 3
Áfangi 2. N-S brautin færð vestur fyrir Skildinganes.



Mynd 4
Áfangi 3. A-V brautin framlengd til vesturs en flughlöð og flugstöð ekki færð.

gera á löngum tíma með efni sem fellur til víða um borgina. Að megninu til yrði þó þessi landfylling væntanlega gerð með sanddæluskipum.

Í þriðja áfanga (mynd 4) yrði A-V brautin framlengd til vesturs eins langt og hægt er án þess að tenging rofnaði við núverandi flughlöð. Þessa framlengingu er í sjálfu sér hægt að gera í fleiri en einum áfanga. Eftir þetta er flugvöllurinn að mestu farinn úr Vatnsmýrinni.



Mynd 5
Áfangi 4. A-V brautin framlengd enn frekar til vesturs og allt flug komið úr Vatnsmýrinni.

Í fjórða áfanga yrði flugstöð og flughlöð flutt frá núverandi stað til vesturs. Á mynd 5 er miðað við svæðið suðvestan við skurðpunkt flugbrautanna en hér er spurning hvað er heppilegast, meðal annars út frá seltu. Ef útfærslan yrði þessi þyrfti undirgöng undir aðra flugbrautina til að komast að svæðinu.

Einn helsti kostur þessarar leiðar er að hægt er að færa flugvöllinn í áföngum á mörgum árum. Margir aðrir ótvíræðir kostir eru við þessa framkvæmd. En það eru einnig ókostir. Umfjöllun um þá verður að bíða betri tíma.

Halldór Auðar Svansson
Oddviti Pírata í Reykjavík

Er forseti Íslands einræðisherra?

Halldór Auðar Svansson svarar umfjöllun S. Björns Blöndal um að borgarstjóri skuli kosinn beinni kosningu.

S Björn Blöndal, oddviti Bjartrar framtíðar í Reykjavík, ritaði grein í Kjarnann hinn 15. maí síðastliðinn þar sem hann tók til umfjöllunar stefnu Pírata í Reykjavík um að borgarstjóri skuli kosinn beinni kosningu af borgarbúum. Það er mjög gott að fá slík viðbrögð, þar sem stefnan er ekki síst sett fram til að vekja umræðu sem við teljum tímabæra.



Bein kosning borgarstjóra var nokkuð í deiglunni fyrir borgarstjórnarkosningarnar árið 2006. Þannig ritaði Guðmundur Magnússon pistil í Fréttablaðinu hinn 5. júní 2005 þar sem hann taldi þetta fyrirkomulag heppilegt fyrir lýðræðið í borginni og kallaði eftir umræðu. Hann vísaði í þegar borgarstjórinn Knud Zimsen var kosinn beint, árið 1920. Þar endurnýjaði Knud umboð sitt sem borgarstjóri í beinni kosningu. Gegn vilja Reykvíkinga afnam Alþingi þetta fyrirkomulag með

lagasetningu árið 1929 og hefur það aldrei verið notað síðan. Meirihluti Alþingis vildi að stjórnmálaflokkarnir einir hefðu völd í Reykjavík.

Um beina kosningu borgarstjórans sagði Guðmundur Magnússon m.a.:

„Bein kosning borgarstjóra er áhugaverð hugmynd en hún er að sönnu óraunsæ án breytinga á sveitarstjórnarlögum. En lögum er auðvelt að breyta ef vilji er fyrir hendi. Borgarstjóri yrði að hafa umtalsverð völd til að réttlæta að hann væri kosinn í almennri atkvæðagreiðslu. Vel má hugsa sér skýra verkaskiptingu milli hans og kjörinna borgarfulltrúa. Borgarstjóri gæti til dæmis haft synjunar- og stöðvunarvald á ákveðnum sviðum, verið nokkurs konar öryggisventill, og sjálfstætt umboð til að afgreiða og ákveða ýmis mál er snúa að einstaklingum í borginni."

„2006 tók við kjörtímabil þar sem borgarstjóraskipti voru tíð og erfitt er að fullyrða að allir borgarstjórarnir hafi verið fólk sem borgarbúar hefðu kosið sér sjálfir, hefðu þeir haft eitthvað um það að segja."

Samkvæmt þessu yrði hlutverk borgarstjórans hliðstætt stöðu forsetans í stjórnskipun landsins: að vera umboðsmaður almennings sem veitir veldi stjórnmálaflokkanna aðhald.

Síðan þá eru liðin mörg ár.

2006 tók við kjörtímabil þar sem borgarstjóraskipti voru tíð og erfitt er að fullyrða að allir borgarstjórarnir hafi verið fólk sem borgarbúar hefðu kosið sér sjálfir, hefðu þeir haft eitthvað um það að segja. Þetta greiddi götu Besta flokksins og Jóns Gnarr. Í sameiningu tókst borgarstjóra, borgarfulltrúum og borgarbúum að skapa ákveðna sátt um hver borgarstjórinn ætti að vera, hvert hlutverk hans væri og hvar valdamörkin lægju. Þarna hefur núverandi borgarstjórnarmeirihluti vissulega unnið mjög gott starf. Engin trygging er hins vegar fyrir því að þessi sátt haldist á komandi tímum.

Kallið á beina kosningu borgarstjóra er sett fram til að endurnýja varanlega lýðræðið í borginni. Í því skyni er

nauðsynlegt að breyta sveitarstjórnarlögum til að heimila beina kosningu borgarstjóra og skilgreina hlutverk hans og valdamörk, enda er slík vinna innifalinn í stefnumálinu. Þetta yrði ekki gert í flýti heldur í góðu samráði allra sem hafa áhuga á að leggja orð í belg. Ef ekki er stemning fyrir þessu meðal borgarbúa munum við Píratar einfaldlega falla frá þessu stefnumáli, þar sem við höfum lítinn áhuga á að keyra eitthvað í gegn sem ekki ríkir góð sátt um. Aðalmálið er varanleg sátt um reglur lýðræðisins, í kjölfar nauðsynlegrar umræðu um þær.

Við sem viljum breyta hinu pólitíska landslagi, þvert á flokkslínur, erum alveg sammála um að lýðræðið felur alltaf í sér samræðu og samræmingu ólíkra sjónarmiða. Megnið af grein Björns og sýn hans á lýðræðismálin má taka undir heilshugar.

„Gegn vilja Reykvíkinga afnam Alþingi þetta fyrirkomulag með lagasetningu árið 1929 og hefur það aldrei verið notað síðan.“

Ég hafna hins vegar fyrirframgefnum hugmyndum um að borgarstjóra sé með þessu ætlað að verða einhver lýðskrumseinvaldur sem að eigin geðþótta keyrir í gegn mál í einhvers konar brussugangsumboði kjósenda. Slíkt er engan veginn í anda þess lýðræðis sem við Píratar viljum sjá. Hugmyndir Besta flokksins um samvinnu allra stjórnmálaflokka voru vissulega í þágu lýðræðis í borginni. Við ættum öll að standa saman um að þróa borgarlýðræðið enn frekar og ræða hvernig við viljum hafa það.

Ég skil þó hreinlega ekki alveg hvaðan þessi neikvæða sýn á beint kjör borgarstjórans í Reykjavík er komin. Eru þeir borgarstjórar sem kosnir eru beinni kosningu í borgum víða erlendis svona? Er New York eða London t.d. stjórnað af einræðisherrum? Forsetinn, sem er þjóðkjörinn og gegnir ákveðnu aðhaldshlutverki gagnvart löggjafanum – er hann einræðisherra?

Sérstaða okkar Pírata í Reykjavík felst í að auk áherslu á málefnalega umræðu um lýðræðismál leggjum við ríka áherslu á umbætur á valdakerfi borgarinnar sem festa

lýðræðisbreytingar í sessi. Er til dæmis einhver trygging fyrir því að Dagur B. Eggertsson verði borgarstjóri – jafnvel þó að meirihluti þeirra sem afstöðu taka í skoðanakönnunum vilji að svo verði? Sjálfur er Björn Blöndal yfirlýst borgarstjóraefni Bjartrar framtíðar. Ef borgarstjóri væri kosinn beint gætu þeir tveir boðið sig fram sem borgarstjóraefni sinna flokka og slíkt fyrirkomulag væri líklegt til að endurspegla betur almannaviljann en samningaviðræður milli stjórnmálaflokkanna um hvaða flokkur ætti að hreppa stólinn. Borgarstjórinn í Reykjavík væri – rétt eins og forseti Íslands – valinn beint af öllum kjósendum og yrði óháður umboðsmaður fólksins í borginni.

Hvorugur þeirra væri einræðisherra, nema við ákvæðum að endurskilgreina það hugtak á róttækan hátt.

Dagný Ósk Aradóttir Pind
Héraðsdómslögmaður og félagi í Samtökum um bíllausan lífsstíl

kjarninn 22. maí 2014

Af hjólreiðum, einka-bílnum og meintri aðför

Dagný Ósk Aradóttir Pind skilur ekki umræðuna í kringum hina svokölluðu aðför að einkabílnum.

Það er margt í opinberri umræðu sem ég hreinlega skil ekki. Eitt af því er hin svokallaða aðför að einkabílnum og öll umræðan í kringum það. Jón Gnarr, fráfarandi borgarstjóri, var í áhugaverðu viðtali á Vísi í síðustu viku. Þar talaði hann m.a. um að það sem hefði komið honum einna mest á óvart í starfi sínu sem borgarstjóri væri hversu mikill mótvindur hefði verið með gerð hjólreiðastíga. Það þarf svo ekki annað en að skima yfir kommentakerfið sem fylgir viðtalinu til þess að sjá að þessi andstaða er enn mjög lifandi. Skemmst er líka að minnast umræðunnar um Borgartúnið frá því fyrr í vor.



Af hverju þessi heift?

Ég skil ekki þessa heift í umræðunni. Af hverju er slæmt fyrir einhvern, sama hvaða samgöngumáta sá einstaklingur kýs, ef fleiri hjóla? Kona sem keyrir allra sinna ferða ætti að gleðjast yfir því þegar fleiri hjóla, þá ætti að vera meira pláss

á götunum, fleiri bílastæði við áfangastað hennar o.s.frv. Karlmaðurinn sem hjólar allra sinna ferða gleðst væntanlega yfir bættum hjólreiðastígum. Ég held þó að við séum flest þannig að við viljum geta valið hvaða samgöngumáta við notum hverju sinni enda eru þeir ólíkir og hafa allir ákveðna kosti og galla. Ég elska strætó, bílinn minn og hjólið mitt. Síðustu ár hef ég lengst af búið við þann lúxus að stunda nám og vinnu mjög nálægt heimili mínu, bjó í miðbænum og gekk í Háskóla Íslands. Núna bý ég í Fossvoginum og vinn á Stórhöfða, rétt við Grafarvoginn. Þegar ég byrjaði að vinna þar keypti ég mér bíl. Minn fyrsta bíl. Það var svo sem eðlilegt, ég á líka oft erindi út í bæ vinnu minnar vegna og þá er einkabíllinn fínn ferðamáti. Líka í alls konar annað. Ég hef ekki orðið vör við að það sé ómögulegt að vera á einkabíl í borginni, en ég á það reyndar til að vera svolítið utan við mig. Strætó er líka frábær ferðamáti, t.d. ef ég er að fara að drekka bjór með vinum mínum niðri í bæ. Ég hef heldur ekki orðið vör við það hvað strætókerfið er ömurlegt, eins og heyrist oft í opinberri umræðu.

„Af hverju er slæmt fyrir einhvern, sama hvaða samgöngumáta sá einstaklingur kýs, ef fleiri hjóla?“

Reykjavík er frábær hjólaborg

Fyrir nokkrum vikum keypti ég mér nýtt hjól og hef síðan þá reynt að nota það sem mest, þegar það hentar mér. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að Reykjavík er orðin frábær hjólaborg. Ég hjóla úr Fossvoginum upp á höfða um yndislegt umhverfi Elliðaárvoganna og Grafarvogsins. Ég hjóla í Vesturbæjarlaugina og niður í bæ framhjá Nauthólsvíkinni og flugvellinum og á hverjum degi finn ég einhvern nýjan snilldarstað í borginni sem ég hefði aldrei fundið án þess að vera á hjóli. Stemningin á hjólastígunum minnir mig stundum helst á Kaupmannahöfn, eina af mínum uppáhaldsborgum. Allir brosandi glaðir á hjólunum sínum, sumir í gulum vestum með endurskinsmerki, aðrir með kaffibolla á stýrinu og með blóm í körfunni. Teljarinn á

Suðurlandsbrautinni hjálpar líka til, ég hvet alla til að hjóla þar framhjá af því það er svo gaman. Ég var nr. 722 þann dag í síðustu viku sem ég átti leið þar hjá.

Gefum breytingum séns

Ég reyndi að grúska aðeins í tölum varðandi kostnað við gatnakerfið og hjólastígakerfið þegar ég var að skrifa þessa grein. Það hafa verið skrifaðar heilu skýrslurnar um þetta en samt erum við ennþá að rífast um þetta. Það blasir náttúrulega bara við að hjólastígakerfið er miklu ódýrara en gatnakerfið, maður þarf ekki að vera verkfræðingur til að átta sig á því. Í hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2010-2020 segir að á þessu 10 ára tímabili muni sparast 7,3 milljarðar í viðhaldi gatnakerfisins. Á árinu 2014 á að eyða 500 milljónum í göngu- og hjólastíga og það á að gera alveg helling. Ætli upphæðin hafi ekki verið svipuð síðustu ár? Þetta eru ekki miklir peningar fyrir þessa gríðarlegu bót á hjólreiðastígakerfinu og lífsgæðum borgarbúa og gesta borgarinnar. Getum við ekki allavega gefið þessu séns, sparað aðeins heiftina og þá kannski leysast allar umferðarteppurnar sem fara í taugarnar á þeim sem kvarta bara af sjálfu sér? Við ættum öll að geta notið borgarinnar okkar og þess sem hún býður upp á, sama hvernig við kjósum að ferðast.

„Það blasir náttúrulega bara við að hjólastígakerfið er miklu ódýrara en gatnakerfið.“

KJARNINN

Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

Kjarnaofninn

Ritstjórn Kjarnans fjallar um sveitastjórnarkosningar á Íslandi sem fram fara 31. maí næstkomandi.

kjarninn

Guðmundur Guðmundsson
sjómaður

kjarninn 22. maí 2014

2.000 tómar íbúðir og húsnæðisekla

Guðmundur Guðmundsson skrifar um ástandið á húsnæðismarkaði í Reykjanesbæ.

Í Reykjanesbæ standa upp undir 2.000 íbúðir tómar. Þær eru af ýmsum gerðum í ein- og fjölbýli og eru samtals um helmingur af öllu auðu og íbúðarhæfu húsnæði landsins. Ótaldar eru þó ófullgerðar byggingar á svæðinu.



Eignir þessar standa landfræðilega á tiltölulega afmörkuðu svæði. Hlutfallslega samsvarar fjöldi þeirra því að tugþúsundir íbúða stæðu tómar á höfuðborgarsvæðinu mitt í æpandi húsnæðiseklu.

Þetta ástand hefur varað allt frá hruni, þegar loftið lak úr íslensku fasteignabólunni. Viðbrögð bæjaryfirvalda hafa verið í skötulíki, þó að fólk í húsnæðishraki hafi fjölgað á tímabilinu. Bæjaryfirvöld hafa ekki umráðavald yfir eignunum. Ástandið fær litla umfjöllun í fjölmiðlum og umræðan á svæðinu rétt fyrir



kosningar er jafn flatneskjuleg og flugbrautirnar á vellinum.

Hagfræðingar, sumir með Nóbelsgráðu, hafa dásamað íslensku leiðina út úr efnahagshruninu. Þeir lenda í Keflavík, taka rútuna í bæinn og halda fyrirlestra sína í Hörpunni.

Yrðu niðurstöður þeirra eins ef þeir stöldruðu aðeins lengur við í Keflavík? Færu í bíltúr einn eftirmiðdag og teldu tómar íbúðir og einbýlishús? Keflavík er á sinn hátt svar Íslands við Detroit í Bandaríkjunum. Borgin laðar að sér ljósmyndara alls staðar að sem taka myndir af tómum húsum. Í Keflavík eru hæg heimatökin og yfrið nóg myndefni örstutt frá flugvellinum. Hægt væri að selja ljósmyndaferðir um svæðið. Af nógu er að taka. Meðfylgjandi myndir eru frá Styrmi Barkarsyni. Hann tók yfir 300 myndir á nokkrum dögum. Þær voru að fjölda til aðeins toppurinn á ísjakanum.

„Hagfræðingar, sumir með Nóbelsgráðu, hafa dásamað íslensku leiðina út úr efnahagshruninu.“

Leiðsögumaður í ljósmyndaleiðangrinum þarf að útskýra fyrir útlendingum hvernig standi á neyðarástandi á leigumarkaði þar sem þúsundir íbúða standa auðar. Svæðið er íslenska efnahagsundrið fyrir og eftir hrun í hnotskurn. Þar er grafhvelfing „Græða á daginn, grilla á kvöldin“. Líkið af

sparisjóðnum og féhirðinum. Beinagrindin af rafmagnslausa álverinu. Múmían af innhverfri einkavæðingu. Og síðast en ekki síst: Upp undir tvö þúsund íbúðir sem lánastofnanir láta grotna niður heilu og hálfu áratugina. Barnafjölskyldur á svæðinu í húsnæðishraki koma að luktum dyrum alls staðar í kerfinu. Þau sem hafa misst húsnæði sitt og lent á vanskilaskrá eru læst út í kuldanum. Kerfið yppir öxlum. Íslensk húsnæðispólitík eftir hrun.

Fengi svæðið efnahagslegt heilbrigðisvottorð frá Hörpu-hagfræðingunum? Eða þarf að endurskoða hagfræðina?

„Líkið af sparisjóðnum og féhirðinum. Beinagrindin af rafmagnslausa álverinu. Múmían af innhverfri einkavæðingu. “

Sjáðu fleiri myndir af auðum húsum





PISTILL
Árni Helgason
lögfræðingur

Á milli uppgangs og leiðréttingar

Árni Helgason skrifar um ballið sem er að byrja aftur.

Er tilveran hér á landi röð tímabila sem einkennast af uppgangi og bjartsýni milli þess sem allt fer á hliðina og einhver hugumprúður stjórnmálaforingi er kosinn til að leiðrétta ruglið? Hvar í ferlinu erum við þá stödd núna?

Það er erfitt að segja en mig grunar að eftir efnahagslega deyfð síðustu ára, sem má kalla „eftirhrunsárin“, sé ballið að byrja aftur. Og eins og svo oft áður virðast stjórnvöld ætla að draga vagninn, bæði á vettvangi ríkisstjórnar og sveitarstjórna, í stað þess að ýta á móti. Þörf stjórnmálamanna til að mæta skammtímahagsmunum kjósenda trompar sem fyrr langtímahagsmuni samfélagsins af því að gera það ekki.

Framsóknarhringurinn að lokast

Einhverjir tugir þúsunda Íslendinga eru þessa dagana að loka Framsóknarhringnum, sem hófst árið 2003 þegar 90% lán urðu normið á íbúðalánamarkaði, með því að senda inn

umsókn á leidretting.is. Þegar hrunið skall á var stór hluti þjóðarinnar búinn að leggja undir og kaupa fasteign nánast eingöngu fyrir lánsfé til þess eins að fá svo í andlitið verðbólgu- og gengisskot, launalækkun og nánast algera kulnun á markaði. Allt fram á árið 2010 hreyfðist varla fasteignamarkaðurinn, nema helst á nauðungarsölum, og vísitalan skrúfaði lánin upp hjá venjulegu fólki á meðan. Það fór aðeins að rofa til árið 2011 og síðan hefur leiðin legið upp á við, þar sem fasteignaverð hefur víðast hvar hækkað hraðar en verðlag og dimmasta tímabilið er að baki.

Og einmitt núna, þegar flestir hagvísar eru jákvæðir og þróunin í rétta átt – að vísu með þeim stóra fyrirvara að hagkerfið er í höftum – þá dettur leiðréttingin inn. Tuttugu þúsund manns sóttu um á fyrsta sólarhringnum, sem bendir til þess að ókeypis peningar séu ekkert að detta úr tísku. Sigmundur Davíð mætti og gaf starfsfólki Ríkisskattstjóra blómvendi, þótt það hefði auðvitað verið miklu meira spot on að mæta með pizzur í anda einfaldleikans.

„Tuttugu þúsund manns sóttu um á fyrsta sólarhringnum, sem bendir til þess að ókeypis peningar séu ekkert að detta úr tísku.“

Leiðrétting fuðrar upp

Lán fjölda fólks eiga eftir að lækka um nokkrar milljónir á næstu misserum, sennilega og því miður til þess eins að fuðra upp í verðbólgu fljótt aftur. Leiðréttingin þýðir að fólk á tímabundið meira í eignunum sínum og hefur þar af leiðandi meira veðrými og getur hvort sem er selt eða skuldsett sig aftur. Ungt fólk mun í stórum stíl nýta sér þetta til þess að stækka við sig húsnæði og þeir sem eldri eru geta nýtt þetta í hvað sem er – tekið framkvæmdalán og hresst upp á garðinn eða eldhúsið, eða bara bæði. Hvernig sem menn snúa þessu dæmi var ríkið að gefa tilteknum hópi fólks peninga. Íslendingar eru ekki að fara að breytast í sparsama Þjóðverja og leggja til hliðar. Þvert á móti sjá margir fyrir sér að þeir eigi „skilið“ eftir nokkur mögur ár að gera eitthvað gott fyrir sig.

Borgin byggir

En það er ekki bara ríkisstjórnin sem hleður eldsmat á bálið.

Milli þess sem þingmenn Samfylkingarinnar gagnrýna „leiðréttingu“ ríkisstjórnarinnar tala frambjóðendur flokksins í borginni um að byggja 2.500-3.000 nýjar leigu- og búsetuíbúðir. Bara svo að umfangið á þessu sakleysislega loforði sé sett í samhengi má nefna að heildarfjöldi íbúða í fjölbýli í Reykjavík er um 35 þúsund þannig að þetta slagar hátt í 10%. Samfylkingin ætlar því á vettvangi borgarinnar að byggja íbúðir á markaði þar sem fasteignaverð er hátt og fer hækkandi og byggingarkostnaður er verulegur. Það kostar jafnmikið að byggja hvort sem það er borgin eða einkaaðili sem borgar brúsann, en til stendur að bjóða upp á „sanngjarna“ leigu á þessum íbúðum, sem þýðir að íbúðirnar verða væntanlega leigðar á eitthvað minna en gengur og gerist á markaðnum. Með öðrum orðum á að niðurgreiða þúsundir íbúða.

„Milli þess sem þingmenn Samfylkingarinnar gagnrýna „leiðréttingu“ ríkisstjórnarinnar tala frambjóðendur flokksins í borginni um að byggja 2.500-3.000 nýjar leigu- og búsetuíbúðir.“

Risaveðmál hins opinbera

Ef við hugsum þetta aðeins áfram þá kostar 2-3 herbergja íbúð í Reykjavík ekki undir 300 þúsund krónum á fermetrann og verðið er um 400 þúsund miðsvæðis. Kostnaðurinn við að byggja íbúð og fullgera hana er einhvers staðar þarna á milli, nær efri mörkunum. Ef dæmið á að borga sig þarf að leigja svona íbúð út fyrir 160-180 þús. á mánuði bara til að dekka fjármagnskostnað og rekstur. Ef svona íbúð er leigð út fyrir t.d. 100 þúsund á mánuði er verið að borga verulega með henni. Ef það eru 2.500-3.000 íbúðir er það orðin ansi hressileg opinber niðurgreiðsla á mánuði.

Fyrir utan svo kostnaðinn við að byggja allan þennan fjölda eigna. Ef við miðum við 25 milljónir króna á íbúð sem byggingarkostnað eru 3.000 íbúðir að kosta litla 75 milljarða króna. Ágætis opinbert veðmál á fasteignamarkaðinn það.

Rólegheitakjörtímabil

Mér heyrist þessar tillögur reyndar ekki fá mikla athygli og sama má segja um með sveitarstjórnarkosningarnar heilt yfir. Þetta kjörtímabil í sveitarstjórnum landsins hefur verið frekar rólegt og farið í að rækta garðinn og hugsa inn á við – massa niður skuldir, forðast stór útgjöld og þar með stórar ákvarðanir. Víða hefur verið unnið eftir lögmálunum um að engar fréttir séu góðar fréttir. Og þetta er auðvitað ágætt ef þú ert sveitarstjórnarmaður, enda má nýta vinnufriðinn til að heimsækja elliheimili, knúsa leikskólabörn og tína rusl. Þetta hefur bara mælst ágætlega fyrir og almennt eru framámenn í sveitarfélögum ekki að skrá sig á vinnumiðlanir þessa dagana.

Og hvað sem öllu Jóns Gnarr- og Besta flokksævintýrinu líður í Reykjavík hefur þessi rólegheitagangur einkennt borgina líka. Það er erfitt að finna dæmi um breytingar eða ákvarðanir sem þessi meirihluti tók og standa einhvern veginn upp úr, annað en að Reykvíkingar fíluðu það bara vel að hafa grínista og listamann sem borgarstjóra. Skuldir Orkuveitunnar voru vissulega endurskipulagðar og það var vel. Nokkrar götur hafa verið endurhannaðar í borginni og litu ótrúlega spennandi út í tölvuforritinu sem býr til afstöðumyndir af brosandi fólki í sól að spjalla saman og drekka kaffi (af hverju sýna svona tölvumyndir aldrei rigningu og slyddu og fólk að bölva?). Fólkið á Hofsvallagötunni var allavega ekki jafnánægt og tölvuforritið hafði spáð fyrir um.

Aðalskipulag var samþykkt en þrátt fyrir allt talið um þéttingu byggðar og hugmyndirnar um að byggja upp fyrirheitna landið í Vatnsmýrinni virtust oddvitar borgarstjórnar taka því fegins hendi þegar þeim bauðst að slá því á frest í lítil sex ár að færa flugvöllinn á meðan málið yrði skoðað í nefnd. Kannski var það skynsamlegt í samhengi hlutanna en það er samt ansi langur tími verandi með samþykkt aðalskipulag. Og á meðan flugvöllurinn er á sínum stað er þétting byggðar alltaf takmörkunum háð.

Kyrrstöðunni lokið og ballið að byrja

En hvað sem allri kyrrstöðunni á þessu kjörtímabili líður gæti það næsta orðið fjörugra. Leiðréttingarnar detta inn á næstunni og borgin verður stórtæk á byggingar- og fasteignamarkaði. Hagkerfið er í höftum þannig að þessir 120-130 milljarðar sem lífeyrissjóðirnir þurfa að koma í umferð árlega leita áfram í fasteignir og hlutabréf með áframhaldandi verðhækkunum á þeim.

Einhverjir kynnu að hafa áhyggjur af því að þessar hækkanir væru orðnar óeðlilega miklar og að lögmálið um allar bólur springi á endanum eigi við hér. En hér er engin ástæða til að hafa slíkar áhyggjur enda verður ávallt til nóg af stjórnmálamönnum sem eru boðnir og búnir að leiðrétta ástandið þegar illa fer.

APPIÐ

Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Framkvæmdastjóri Hugsmiðjunar

„Ég er með Samsung S4“



GOOGLE TASKS INCREDIBLE LITE

Lítið app sem er tengt Google Tasks. Ég hendi inn öllu sem ég þarf að muna, bæði fyrir vinnuna og persónulega. Þetta fer svo inn í tasks í gmail þannig að hef þetta líka fyrir augunum þegar ég er að skoða tölvupóstinn.

TWITTER

Á Twitter fylgist ég með fólki og fyrirtækjum sem eru að gera flotta hluti í vefhönnun og vefforritun ásamt því að fylgjast með íslensku og erlendu tæknifólki ræða hitt og þetta. Fullt af góðri vitneskju.

SPOTIFY

Öll tónlist á einum stað og ég er alltaf að finna einhverja nýja tónlistarmenn sem ég fíla. Ég hef sett saman nokkra spilunarlista til eigin notkunar, til dæmis einn fyrir fjögurra ára dóttur mína sem við notum á nánast hverjum degi.

TÆKNI Moto E snjallsíminn frá Motorola

Er Motorola að fara að breyta farsímaheiminum með nýjustu afurð sinni? Í hugum flestra sem hafa vanist iPhone og dýrari Samsung-símunum hljómar slík spurning fjarstæðukennd. En henni er raunverulega velt upp víða í heimspressunni eftir að nýi Moto E sími fyrirtækisins var kynntur til leiks fyrr í þessum mánuði. Það sem gerir hann sérstakan er að Moto E á að bjóða upp á svipuð hágæði og dýrari tæki en mun einungis kosta 130 dali. Og vera ólæstur.



Síminn þykir að mörgu leyti afbragðshönnun og vera jafnvel betri en Samsung Galaxy S5. Notendaviðmótið þykir einnig standast hæstu gæðakröfur.

Gæði skjásins eru miklu betri en það sem þekkist vanalega í þessum verðflokki, eða 256 pixlar á hverja tommu. Það er ekki langt frá iPhone gæðum.

Helsti löstur símans er sá að hann býður ekki upp á 4G. Bara 3G á sterum, og myndavélin þykir ekkert sérstök.

Síðustu Motorola símar hafa átt það sammerkt að rafhlaðan í þeim hefur dugað mjög vel. Moto E heldur þeirri hefð áfram þrátt fyrir að vera mun ódýrari.



Stórkostleg lið sem unnu ekki HM

Kristinn Haukur Guðnason sagnfræðingur fer yfir það hvaða landslið voru með stórkostlega leikmenn í sínum röðum en tókst samt ekki að vinna HM.

FÓTBOLTI
Kristinn Haukur Guðnason

HM í fótbolta hefst í Brasilíu 12. júní. Í gegnum tíðina hafa bestu knattspyrnumenn heimsins sýnt listir sínar á þessu stærsta sviði fótboltans sem aðeins er opið á fjögurra ára fresti. Það geta ekki allir staðið uppi sem sigurvegarar. Kjarninn fór yfir magnaða sögu HM og valdi tíu lið sem ekki tókst að verða heimsmeistari en höfðu leikmenn og snilli til þess að fara alla leið. Ef heppnin hefði verið með þeim, og kannski örlítið meira til. Mörg eru tilkölluð en fá útvalin. Stundum virtist nánast formsatriði að verða meistari en allt kom fyrir ekki.

1. UNGVERJALAND – 1954

Kraftaverkið í Bern

Endur fyrir löngu áttu Ungverjar besta knattspyrnulandslið heims. Það kann að koma nokkuð spánskt fyrir sjónir í ljósi þess að Ungverjar hafa ekki komist á stórmót síðan 1986. Liðið sem hélt til Sviss árið 1954 var talið það langsigurstranglegasta af öllum. Stjörnuleikmenn liðsins voru Ferenc Puskás, Sándor Kocsis, Zoltán Czibor og József Bozsik, allt leikmenn Budapesti Honved sem var lið ungverska hersins. Þeir voru kallaðir Gullna liðið eða Hinir miklu Magyarar og spiluðu áferðarfallega og sveigjanlega knattspyrnu sem sumir vilja meina að sé undanfari Total Football Hollendinga 20 árum síðar. Þeir hreinlega úrbeinuðu öll lið fram að úrslitaleiknum. Í riðlakeppninni unnu þeir Suður-Kóreu 9-0 og Vestur-Þýskaland 8-3. Þeir unnu Brasilíu 4-2 í 8 liða úrslitum og heimsmeistara Úrúgvæ með sama mun í undanúrslitum. Úrslitaleikurinn gegn Vestur-Þjóðverjum er sennilega einn sá



ótrúlegasti í sögunni og er kallaður Das Wunder von Bern (kraftaverkið í Bern). Ungverjar komust snemma í 2-0 en töpuðu 2-3. Þetta var eini tapleikur ungverska landsliðsins frá 1950 til 1956, þegar liðið leystist upp eftir byltinguna þar í landi. Ungverjar skoruðu 27 mörk, sem er met, á heimsmeistaramótinu 1954 í aðeins 5 leikjum og var Sándor Kocsis með 11 mörk, sem var það langmesta af öllum leikmönnum mótsins.



Hollensk knattspyrna hefur aldrei verið jafn sterk og á áttunda áratugnum. Feyenoord varð Evrópumeistari árið 1970 og Ajax vann sama titil þrisvar í röð þar á eftir. Velgengnin endurspeglaðist í landsliðinu og ástæða þessarar velgengni var kerfi sem kallað hefur verið Total Football. Helsti hvatamaður þessa kerfis var þjálfarinn Rinus Michels, sem þjálfaði meðal annars Ajax, Barcelona og hollenska landsliðið árið 1974. Kerfið snerist um sveigjanleika, að útivallar-

2. HOLLAND – 1974

Total Football

leikmenn gætu hlaupið í stöðu hvers annars án þess að brjóta upp uppstillinguna á vellinum. Kerfið krafðist mikillar tæknilegrar færni leikmanna og Hollendingar áttu nóg af færum leikmönnum, má þar nefna Johnny Rep, Johan Neeskens, Arie Haan, Ruud Krol og Johan Cruyff sem allir spiluðu eða höfðu spilað með gullaldarliði Ajax. Hollendingar gersigruðu yfirleitt andstæðinga sína á þessum tíma og fengu Íslendingar að kynnast því í undankeppninni. Hollendingar unnu leikina 5-0 og 8-1. Á lokamótinu unnu þeir bæði undanriðilinn og milliriðilinn léttilega og ber að nefna 4-0 sigur á Argentínumönnum og 2-0 sigur á heimsmeisturum Brasilíu. Þeir mættu Vestur-Þjóðverjum í úrslitaleiknum en töpuðu 2-1 eftir að hafa komist snemma yfir. Hollendingar komust aftur í úrslit heimsmeistarakeppninnar 1978 í Argentínu en þá án Cruyff, sem neitaði að spila af pólitískum ástæðum.


3. BRASILÍA 1982

Heimsmeistararnir teknir í kennslustund

Heimsmeistarakeppnin árið 1982 á Spáni er oft talin ein sú besta sem haldin hefur verið. Ein af ástæðunum fyrir því er lið Brasilíumanna, sem spilaði sambabolta af bestu gerð. Liðið frá 1982 minnti á samlanda þeirra tólf árum áður, lið sem hafði Pele, Tostao og Jairzinho innanborðs, fór alla leið og er talið eitt það besta nokkurn tíma. Nú voru það Zico og Sócrates sem voru stjörnurnar og mynduðu eitt besta sóknarmiðjuteymi sem sést hafði. Auk þeirra má nefna stjörnur á borð við framherjann Éder, miðjumanninn Falcao og bakvörðinn Junior. Brasilíumenn áttu í engum erfiðleikum í riðlakeppninni og unnu þar alla leikina gegn Sovétmönnum, Skotum og Nýsjálendingum. Síðan unnu þeir nágranna sína og ríkjandi heimsmeistara Argentínu nokkuð létt 3-1. Ekkert lið átti að geta stöðvað sigurgöngu þeirra en þá kom að leiknum sem kallaður var A tragédia do



Sarriá (hörmungin á Sarriá). Brasilíumenn mættu Ítölum á Sarriá-vellinum í Barcelona þar sem stíf vörn og þrenna frá Paolo Rossi tryggði Ítölum 3-2 sigur og sæti í undanúrslitum en Brasilíumenn voru sendir heim. Leikurinn er oft talinn einn sá besti í sögu heimsmeistaramótsins en hann reyndist banabiti þessa frábæra liðs.



4. ÍTALÍA – 1990


Frábært mark Roberto Baggio gegn Tékkóslóvakíu

Aldrei hefur ítölsk knattspyrna verið jafn sterk og á árunum frá 1985 til 1995 eða þar um bil. Serie A hafði flestar stórstjörnurnar og mestu vinsældirnar. Ítölsk félagslið röðuðu inn Evróputitlunum. Þegar kom að heimsmeistaramótinu 1990 var AC Milan Evrópumeistari félagsliða, Sampdoria Evrópumeistari bikarhafa og Juventus UEFA-bikarmeistari. Auk þess var mótið haldið á Ítalíu og flestir bjuggust við sigri heimamanna. Ítalir hafa lengi verið þekktir fyrir góðan varnarleik og þetta landslið var engin undantekning. Varnarlínan er sennilega ein sú besta sem sett hefur verið saman. Hún var samansett úr AC Milan-mönnunum Franco Baresi og Paolo Maldini auk Inter-mannanna Giuseppe Bergomi og Riccardo Ferri. Í markinu var reynsluboltinn Walter Zenga, sem setti met fyrir flestar mínútur án þess að fá á sig mark. Ítalir fengu ekki á sig mark fyrr en í undanúrslitum gegn Argentínu en það reyndist örlagavaldur þeirra, þar sem þeir töpuðu í vítaspyrnukeppni. Þeir kláruðu þó mótið með því að vinna brons gegn Englandi. Ítalir áttu ýmsa góða framherja en það var varamaðurinn Salvatore Schillaci sem stal senunni. Schillaci var leikmaður Juventus en hafði spilað nánast allan feril sinn í neðri deildunum í Ítalíu. Hann endaði sem markahæsti leikmaður mótsins með 6 mörk.

5. PORTÚGAL – 1966

Eusebio gegn Norður-Kóreu

Portúgalir höfðu aldrei komist á heimsmeistaramót fyrr en 1966 og áttu ekki eftir að komast á mót aftur fyrr en 1986. Engu að síður er frammistaða þeirra frá 1966 ein af þeim magnaðri sem sést hafa. Liðið var að mestu leyti sett saman úr Lissabon-liðunum Sporting og Benfica. Benfica var á þessum tíma eitt besta lið Evrópu og vann til að mynda Evrópukeppni félagsliða árin 1961 og 1962 auk þess að komast í úrslit 1963, 1965 og 1968. Aðalhvatamaðurinn að þessari velgengni var stjörnuframherjinn Eusebio, Svarti pardusinn, sem var ættaður frá Angóla og fæddur í Mósambík og gat skorað að vild. Annar lykilmaður liðsins var Mario Coluna, miðjumaður og fyrirliði. Coluna var einnig leikmaður Benfica og fæddur í Mósambík. Bæði Eusebio og Coluna létust snemma á þessu ári. Portúgalir unnu alla andstæðinga sína í riðlakeppninni nokkuð auðveldlega, þar á meðal heimsmeistarana sjálfa Brasilíumenn 3-1. Það kom



því verulega á óvart að Norður-Kóreumenn komust í 3-0 forystu gegn þeim í 8 liða úrslitum. Eusebio tók þá til sinna ráða og skoraði 4 mörk og Portúgalir unnu 5-3 samanlagt. Þeir töpuðu svo í undanúrslitum gegn gestgjöfunum frá Englandi 2-1 en unnu bronsleikinn gegn Sovétmönnum með sömu markatölu. Eusebio var langmarkahæstur á mótinu með 9 mörk og komst í úrvalslið mótsins ásamt Coluna og miðverðinum Vicente.



Frakkar þóttu eitt sigurstranglegasta liðið fyrir mótið 1986. Þeir voru óheppnir að fara ekki lengra fjórum árum áður og voru ríkjandi Evrópumeistarar. Miðjuspilið var aðalsmerki liðsins og var talað um Carr-magique (galdraferninginn) í því samhengi. Miðjuna skipuðu Luis Fernandez, leikmaður Paris St. Germain, Bordeaux-leikmennirnir Jean Tigana og Alain Giresse og svo aðalstjarna liðsins og fyrirliði,

6. FRAKKLAND – 1986


Sigur gegn Brasilíumönnum í vítaspyrnukeppni

Michel Platini, leikmaður Juventus. Reyndar hrjáðu meiðsli liðið á mótinu og bæði Giresse og Platini þurftu að fá sprautur til að geta spilað. Henri Michel þjálfari gat einnig valið úr framherjum á borð við Jean-Pierre Papin og Yannick Stopyra. Liðið byrjaði rólega í riðlakeppninni og varð í öðru sæti, en gerði þó gott jafntefli við Sovétmenn. Frakkar byrjuðu svo að skína í útsláttarkeppninni.Þar unnu þeir Ítali 2-0 í 16 liða úrslitum og Brasilíumenn í vítaspyrnukeppni í 8 liða úrslitum. Það var svo sérlega biturt að tapa fyrir Vestur-Þjóðverjum í undanúrslitum rétt eins og árið 1982. Þjóðverjar unnu 2-0 og franska sóknin virtist algerlega búin á því af meiðslum og þreytu. Frakkar náðu þó að vinna bronsverðlaun gegn Belgum í framlengdum leik, 4-2.

7. DANMÖRK – 1986

Re-Sepp-Ten (Vi er røde – vi er hvide)

Danir voru varla til á knattspyrnukortinu fyrr en á níunda áratug seinustu aldar en þá komust þeir á kortið með stæl. Liðið var kallað Danska dýnamítið því það spilaði kröftugan sóknarbolta og raðaði inn mörkum. Tveir bestu leikmenn liðsins voru Michael Laudrup, miðjumaður hjá Juventus, og Preben Elkjær Larsen, framherji Verona. Þeir mynduðu stórhættulegt tvíeyki framarlega á vellinum. Einnig má nefna Frank Arnesen, miðjumann frá PSV, og Liverpool-goðsögnina Jan Mölby. Danir urðu efstir í erfiðum riðli í undankeppninni, þar sem þeir unnu t.d. Norðmenn 5-1 á útivelli og Íra 4-1 einnig á útivelli. Auk þess sigruðu þeir feykisterkt lið Sovétmanna 4-2. Fáir bjuggust þó við því að þessi smáþjóð sem hafði aldrei komist á heimsmeistaramót áður myndi gera harða atlögu að titlinum. Danir fóru samt inn í riðlakeppnina með látum, unnu Skota, Úrúgvæmenn og Vestur-Þjóðverja



samanlagt 9-1. Í 16 liða úrslitum mættu þeir Spánverjum og komust yfir 1-0 en þá mætti gammurinn, Emilio Butragueno, til leiks og skoraði 4 mörk og leikurinn endaði 5-1. Partíið var búið en lagið, Re-Sepp-Ten (vi er røde, vi er hvide), sem samið var fyrir danska liðið frá 1986 er ennþá sungið af aðdáendum á leikjum og víðar.



8. HOLLAND – 1998

Ógleymanlegt sigurmark Bergkamp gegn Argentínu

Hollenska landsliðið frá 1998 var að mestu leyti byggt upp af leikmönnum sem höfðu unnið Meistaradeild Evrópu með Ajax árið 1995. Þetta voru ungir leikmenn sem voru orðnir að stórstjörnum með stórliðum Evrópu. Má þar nefna Patrick Kluivert hjá AC Milan, Edgar Davids hjá Juventus, Clarence Seedorf hjá Real Madrid og Marc Overmars hjá Arsenal. Einnig var töluvert af leikmönnum frá PSV Eindhoven í liðinu. Mikil pressa var á þjálfaranum Guus Hiddink að koma liðinu langt í keppninni. Hollendingar urðu efstir í nokkuð jöfnum riðli, gerðu jafntefli við Belga og Mexíkóa en unnu 5-0 sigur á Suður-Kóreumönnum. Útsláttarkeppnin var dramatísk í meira lagi. Davids tryggði Hollendingum sigur gegn Júgóslövum með glæsilegu marki í uppbótartíma en stærsta stundin kom í 8 liða úrslitunum. Þá skoraði Dennis Bergkamp ódauðlegt sigurmark gegn Argentínu á lokamínútunum eftir langa og hárnákvæma sending frá fyrirliðanum Frank De Boer. Þeir töpuðu loks í vítaspyrnukeppni í undanúrslitunum gegn Brasilíu og svo bronsleiknum gegn Króatíu. De Boer, Davids og Bergkamp voru allir valdir í úrvalslið mótsins.

9. AUSTURRÍKI – 1934

Wunderteam Hugo Meisl

Austurríkismenn hafa hvorki verið þekktir fyrir góða né fallega knattspyrnu síðustu áratugi en á milli-stríðsárunum var annað uppi á teningnum. Liðið var búið til af Hugo Meisl þjálfara, sem tók við árið 1912, á tímum austurrísk-ungverska keisaradæmisins, og stýrði því í aldarfjórðung. Liðið fékk viðurnefnið Wunderteam og hápunktur velgengni þess var á upphafsárum fjórða áratugarins. Austurríkismenn spiluðu öflugan sóknarbolta og unnu marga stóra sigra á stórveldum Evrópu, svo sem 6-0 sigur á Þjóðverjum og 8-2 sigur á Ungverjum. Þeir þóttu því sigurstranglegastir fyrir heimsmeistaramótið á Ítalíu 1934. Stjarna liðsins var framherjinn Matthias Sindelar, kallaður Der Papierene (pappírsmaðurinn), sem lék með Austria Wien. Af öðrum ber helst að nefna miðjumanninn Josef Smistik og framherjann Johann Horvath. Allir leikmenn landsliðsins spiluðu



með félagsliðum frá höfuðborginni Vín. Liðið byrjaði vel á mótinu, sem var án riðlakeppni, og slógu út Frakka og Ungverja en tap gegn gestgjöfum Ítala í undanúrslitum gerði titilvonir þeirra að engu. Fjórum árum seinna var Austurríki innlimað í Þýskaland og Wunderteam leyst upp. Sindelar neitaði að spila fyrir þýska landsliðið og fannst hann látinn á heimili sínu ári eftir innlimunina.



10. ARGENTÍNA – 2006

Ótrúlegt spil í aðdraganda marks Cambiasso gegn Serbum

Argentínumenn eru ávallt eitt af sigurstranglegustu liðunum fyrir fram og 2006 liðið þótti einstaklega vel mannað. Liðið var byggt í kringum Juan Román Riquelme, miðjumann Villarreal, sem stýrði sóknar-leiknum eins og herforingi. Fyrir framan hann spiluðu Hernán Crespo og Javier Saviola og til vara ungstirnin Carlos Tevez og Lionel nokkur Messi. Valencia-leikmaðurinn Roberto Ayala stýrði vörninni og einn besti leikmaður liðsins, Javier Mascherano, batt saman vörn og miðju. Þjálfarinn José Pekerman var með afbragðslið í höndunum sem hefði átt að fara miklu lengra en það gerði. Argentínumenn lentu í svokölluðum dauðariðli sem þeir áttu þó ekki í miklum erfiðleikum með að toppa. Helst ber að nefna 6-0 sigur á sterku varnarliði Serba. Eftir 2-1 sigur á Mexíkóum í 16 liða úrslitum var síðan komið að gest-gjöfunum Þjóðverjum. Argentínumenn yfirspiluðu heimamenn og leiddu leikinn allt þar til að Pekerman tók eina óskiljanlegustu ákvörðun HM-sögunnar, þ.e. hann tók Riquelme og Crespo af velli og bakkaði með liðið. Þjóðverjar jöfnuðu í kjölfarið og unnu síðan í vítaspyrnukeppni. Svo sárir og reiðir voru Argentínu-menn að slagsmál brutust út eftir leikinn. Jafnvel óskiljanlegri hlutur gerðist svo eftir mótið þegar tveir af efnilegustu leikmönnum heims, Mascherano og Tevez, skrifuðu undir samning hjá West Ham United.



Kína sem var

Fyrri hluti frásagnar um lýðræðishreyfinguna í Kína og uppgang hennar sem leiddi til atburðanna á Torgi hins himneska friðar fyrir 25 árum síðan.

KÍNA

Stefán Úlfarsson

Þegar ég kom til Kína í fyrsta skipti síðsumars 1988 var verið að sýna athyglisverða heimildarþætti í ríkissjónvarpinu þar í landi. Þeir kölluðust Heshang, „Í minningu fljótsins“, og veltu upp viðkvæmum málum í kínverskri þjóðarsál.

Í þáttunum var þykkur framburður Gulafljóts notaður sem tákn fyrir það sem sagt var einkenna kínverska menningu – íhaldssemi, kúgun, einangrun o.s.frv. Klifað var á því hvernig gul lössin settist í árfarveginn og stíflaði rennsli fljótsins. Varnargarðarnir hljóta að bresta og straumurinn að fara yfir landið sem eyðandi eldhaf.

Tímalína stúdentamótmælanna

Atburðir í aðdraganda uppreisnar stúdenta í Kína 1989

15. apríl Hu Yaobang fellur frá.
22. apríl Opinber minningarathöfn um Hu. Stúdentar setja fram lýðræðiskröfur en fá engin viðbrögð.
24. apríl Háskólanemar stofna sjálfstæð stúdentafélög. Námsmenn í Peking hefja námsmannaverkfall. Mótmæli breiðast út um landið.
26. apríl Leiðari Dagblaðs Alþýðunnar lýsir hreyfingu stúdenta sem „óspektum".
27. apríl Risastór mótmælaganga stúdenta.
29. apríl Misheppnaður samningafundur stúdenta og stjórnvalda; stjórnvöld viðurkenndu ekki fulltrúa sjálfstæðra stúdentafélaga.
4. maí Önnur risavaxin mótmælaganga stúdenta. Stjórnvöld taka upp mildari tón.
8. maí Flestir stúdentar hætta námsmannaverkfalli.
13. maí Stúdentar ákveða að herða aðgerðirnar, hefja hungurverkfall.
14. maí Misheppnaður samningafundur stúdenta og stjórnvalda.
15. maí Mikhaíl Gorbatsjov kemur í opinbera heimsókn til Peking.
20. maí Herlög sett í Peking.
2. júní Ákvörðun tekin um að rýma Torg hins himneska friðar með valdi.
3. júní Árás hersins hefst.
4. júní Búið að rýma Torgið.

Himinblár særinn úti fyrir ströndum landsins var hins vegar tákn fyrir það sem sagt var einkenna vestræna menningu – vísindi, frjálslyndi, landkönnun, kapítalisma o.s.frv. Látið var að því liggja að von Kína fælist í því að Gulafljót rynni til sjávar og hreinsaði sig.

Heshang naut fádæma vinsælda meðal almennings í Kína og var sýnd tvisvar sinnum þetta ár. Þættirnir mörkuðu nýtt skref í opinskárri umræðu um mikilvæg þjóðfélagsmál. Þeir voru ávöxtur þess anda frjálslyndis og umburðarlyndis er sveif yfir vötnum lengst af á níunda áratugnum.

Aðeins nokkrum mánuðum seinna voru þættirnir bannaðir. Nokkrir af þeim sem unnu að gerð þeirra voru handteknir. Aðalhandritshöfundarnir flúðu land. Í dag, meira en 25 árum síðar, er enn bannað að horfa á *Heshang* í Kína.

Það sem gerðist í millitíðinni var að blóðugt uppgjör fór fram um grundvallargildi kínversks samfélags. Í þessari grein lýsi ég uppgjörinu eins og það blasti við mér sem ungum námsmanni í Peking á þessum tíma. Í síðari grein mun ég velta fyrir mér framtíðarhorfum lýðræðis í Kína.

Fráfall Hu Yaobang ýtti stúdentunum af stað

Fyrstu mánuðina sem ég dvaldi í Peking haustið 1988 var ég upptekinn af því að læra kínversku, koma mér fyrir í nýju landi og skoða Forboðnu borgina, Sumarhöllina og Kínamúrinn. *Heshang* fór alveg framhjá mér.

Á lítilli knæpu í háskólahverfinu, Saloon, sem bæði innfæddir og aðfluttir vöndu komur sínar á, var vissulega

rætt um Maó, Deng Xiaoping, Samstöðu í Póllandi, glasnost og jafnvel leiðtogafundinn í Höfða en sjálfur setti ég þessi málefni ekki sérstaklega í samhengi við undirölduna í samfélaginu.

Ég kveikti ekki á perunni fyrr en um vorið, minnir mig, þegar kínversku stúdentarnir byrjuðu allt í einu að marsera um borgina. Það sem ýtti þeim af stað var fráfall fyrrverandi aðalritara Flokksins, Hu Yaobang.

Hu var einn best þokkaði leiðtogi Kína á síðustu öld. Hann beitti sér persónulega fyrir sakaruppgjöf milljóna einstaklinga sem urðu fyrir ofsóknum róttækra vinstrimanna á Maótímanum. Hu var einn helsti verndari frjálslyndisbylgjunnar á níunda áratugnum sem *Heshang* var hluti af.

Er fráfall Hus spurðist út hinn 15. apríl hófu stúdentar ósjálfrátt að undirbúa aðgerðir til að heiðra minningu hans. Mjög fljótlega tók einnig að bera á pólitískum kröfum. Spjöld fóru á loft þar sem meint spilling ráðamanna var gagnrýnd. Skólastarf lagðist niður. Lýðræðisgöngur urðu daglegt brauð.

Lengi framan af ríkti kátína á götum höfuðborgarinnar. Ég sogaðist inn í þessa hreyfingu eins og stór hluti Pekingbúa gerði einnig: Verkamenn, fjölmiðlafólk, prófessorar, rokkarar ... Þetta hlaut að vera hið vaxandi afl sem myndi leiða Kína inn í nútímann.

Sem útlendingur var ég samt ekki beinlínis þátttakandi – fremur gestur sem tekið var höfðinglega á móti. Oft var ég umkringdur af kínverskum jafnöldrum mínum. Otað var að mér minnisbókum og ég beðinn um að skrifa í þær kveðju frá íslenskum félaga. Síðan voru teknar myndir og hrópuð slagorð.

Leiðari olli uppnámi

Smám saman fékk ég betri sýn inn í hina pólitísku og sögulegu vídd hreyfingarinnar. Það gerðist m.a. í tengslum við mikið uppnám sem varð vegna leiðara Dagblaðs alþýðunnar 26. apríl 1989. Leiðarinn, rödd stjórnvalda, lýsti yfir skilningi á ýmsu sem á stúdentum brann en stimplaði hreyfingu þeirra samt sem „óspektir“. Fullyrt var að „lítill hópur fólks

PERSÓNUR OG LEIKENDUR

Maó Zedong (1893-1976): Leiðtogi Kommúnistaflokks Kína 1935-1976. Frá 1949 fór Flokkurinn með einokun á ríkisvaldinu og var Maó þá jafnframt æðsti leiðtogi landsins. Hann mótaði stefnu sem um margt var frábrugðin hefðbundnum kommúnisma. Í styrjöldinni við Japan og borgarastríðinu við þjóðernissinna á fyrri hluta 20. aldar lagði hann t.d. áherslu á framsækið byltingareðli bænda (fremur en verkamanna). Eftir sigur yfir þjóðernissinnum og stofnun Kínverska alþýðulýðveldisins (1949) lagði Maó áherslu á að byltingin þyrfti að „halda áfram" en ekki stoppa og verða „skriffinnum" að bráð eins og hann taldi hafa gerst í Sovétríkjunum.

Deng Xiaoping (1904-1997): Æðsti leiðtogi Kína á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Hann var ekki eins ótvíræður „æðsti leiðtogi" og Maó hafði verið; fremur æðstur meðal hóps 5-10 leiðtoga af sömu kynslóð og hann sjálfur. Framan af ferlinum var Deng náinn samstarfsmaður Maós. Snemma á 7. áratugnum snerist hann hins vegar til pragmatískra viðhorfa í anda kapítalisma. Deng var mjög áfram um markaðsvæðingu og opnun kínverska hagkerfisins en síður hrifinn af lýðræðislegum úrbótum. Hann studdi árás hersins á stúdenta á Torgi hins himneska friðar vorið 1989.

Hu Yaobang (1915-1989): Sem aðalritari Kommúnistaflokks Kína var hann formlega séð valdamesti leiðtogi landsins 1982-87 – völd hans voru þó takmörkuð af eldri kynslóð leiðtoga, með Deng Xiaoping í broddi fylkingar, sem hafði úrslitavald í mikilvægum málum. Hu var einn best þokkaði leiðtogi Kína á síðustu öld. Hann beitti sér fyrir sakaruppgjöf milljóna einstaklinga sem urðu fyrir ofsóknum róttækra vinstrimanna á Maótímanum. Hu studdi efnahagsumbætur Dengs. Að auki beitti hann sér fyrir opinni umræðu um lýðræði. Frjálslyndi Hus kostaði hann embætti aðalritara í janúar 1987. Lýðræðishreyfingin 1989 spratt upp úr minningarathöfnum stúdenta um Hu.

Zhao Ziyang (1919-2005): Tók við embætti aðalritara Kommúnistaflokksins af Hu Yaobang árið 1987. Árið 1975 varð Zhao yfirmaður Flokksins í Sichuan, einu fjölmennasta og fátækasta héraði Kína. Þar stóð hann fyrir staðbundnum tilraunum til að koma hjólum atvinnulífsins af stað með markaðsvæðingu. Tirauninrnar voru það árangursríkar að eftir fráfall Maós urðu þær fyrirmynd umbótastefnu Dengs um allt landið frá 1978. Stefna Zhao gekk vel framan af en lenti í vanda um miðjan níunda áratuginn, m.a. vegna verðbólgu. Þegar lýðræðishreyfing stúdenta spratt upp vorið 1989 beitti Zhao sér fyrir friðsamlegri lausn en varð undir í baráttu við Li Peng.

Li Peng (1928-): Forætisráðherra Kína 1988-98. Li var skjólstæðingur svokallaðra „harðlínumanna", þ.e. þeirra leiðtoga sem vildu halda í áætlunarbúskap og litu á pólitískt frjálslyndi sem „menningarlega mengun". Eftir að efnahagsumbætur Dengs lentu í vanda um miðjan níunda áratuginn tókst harðlínumönnum að pota Li í stöðu forsætisráðherra. Í þeirri stöðu barðist hann hart gegn frjálslyndri efnahagsstefnu Zhao Ziyang. Þegar lýðræðishreyfing stúdenta spratt upp vorið 1989 óttaðist Li að minnsta eftirgjöf græfi undan einokun Flokksins á völdum. Hann var aðaltalsmaður þess að setja herlög í Peking og rýma Torg hins himneska friðar. Li kom í opinbera heimsókn til Íslands sem formaður fastanefndar kínverska þingsins haustið 2000.

Samband sjálfstæðra stúdentafélaga í Peking varð til í lýðræðishreyfingu stúdenta vorið 1989. Háskólanemar treystu ekki stúdentafélögum Flokksins og töldu sig knúna til að stofna sjálfstæð félög. Starfsemi þeirra var samræmd í gegnum Sambandið. Meðal helstu sigra þess var að móta sameiginlega stefnu stúdenta og skipuleggja námsmannaverkfall og tvær risastórar lýðræðisgöngur 27. apríl og 4. maí til að setja þrýsting á stjórnvöld. Sambandinu mistókst hins vegar að ná eyrum stjórnvalda með tvær mikilvægustu kröfur sínar: Að tekin yrði til baka opinber skilgreining á hreyfingunni sem „óspektum" og að stjórnvöld ræddu við fulltrúa sjálfstæðra stúdentafélaga á jafnræðisgrundvelli. Þessi mistök grófu undan sambandinu og áttu þátt í að róttækir stúdentaleiðtogar hófu að skipuleggja hungurverkfall um miðjan maí.

með annarlega hagsmuni“ væri að spila á tilfinningar unga fólksins.

Daginn eftir marseruðu 100 þúsund háskólanemar niður á Torg hins himneska friðar; og viku síðar annar eins fjöldi. Þeir vildu sýna í verki að hreyfing þeirra var friðsamleg, vel skipulögð og mjög, mjög stór.



Aðdragandi mótmælanna
Stúdentar í Peking syrgja Hu Yaobang, fyrrverandi aðalritara kínverska Kommúnistaflokksins.

Meginkröfur þeirra voru að skilgreining leiðarans á hreyfingunni sem „óspektum“ yrði tekin til baka og að stjórnvöld ræddu við fulltrúa sjálfstæðra stúdentafélaga á jafnræðisgrundvelli.

Seinni gangan (4. maí) var auk þess farin til að tengja lýðræðishreyfinguna við Fjórða maí hreyfinguna svokölluðu – deiglu á öndverðri 20. öldinni er opnaði leið fyrir vestræna hugmyndastrauma inni í Kína.

Nærtækasta skýringin á því hvers vegna leiðarinn 26. apríl lýsti yfir neikvæðri afstöðu til stúdenta er sú að harðlínumenn, með forætisráðherrann Li Peng í broddi fylkingar, hafi notfært sér fjarveru hins frjálslynda aðalritara, Zhao Ziyang, sem var í opinberri heimsókn í N-Kóreu, til að vinna æðsta leiðtogann, Deng Xiaoping, á sitt band. Klofningur ríkti sem sagt í innsta valdakjarna Flokksins um kröfur stúdenta.

Þegar Zhao Ziyang kom aftur til landsins 30. apríl tóku stjórnvöld upp mildan tón á ný. Unnið var að því að hefja viðræður milli ráðamanna og fulltrúa sjálfstæðra stúdentafélaga. Flestir nemendur voru ánægðir með þetta og sneru til náms eftir gönguna 4. maí.

Lognið á undan storminum

Á tímabili í byrjun maí virtist sem friðsamleg lausn væri í sjónmáli. En þetta var bara lognið á undan storminum.

Sumir leiðtoga námsmanna óttuðust að án þrýstings frá öflugum mótmælum yrði samningsstaða þeirra veik. Nokkrir þeirra hófu því að tala fyrir hertum aðgerðum. Samband sjálfstæðra stúdentafélaga lagðist gegn hugmyndinni en

róttækir stúdentar eins og Chai Ling, Wuer Kaixi og Wang Dan höfðu sitt fram.

Um 300 stúdentar hófu hungurverkfall á Torgi hins himneska friðar 13. maí. Fjöldinn margfaldaðist á mjög skömmum tíma. Gríðarleg mergð fólks safnast saman á Torginu til að styðja við bakið á þeim.

Tveimur dögum síðar kom leiðtogi Sovétríkjanna, Mikhaíl Gorbatsjov, í opinbera heimsókn til Peking. Stúdentar höfðu stílað aðgerðir sínar inn á komu Sovétleiðtogans til að setja aukinn þrýsting á stjórnvöld. Þeir vissu að von væri á heimspressunni til að gera sögulegum sættum kommúnistarisanna tveggja skil.

Þegar svona var komið virðist sem Deng Xiaoping hafi misst þolinmæðina gagnvart sáttaumleitunum Zhao Ziyang og tekið að styðja sjónarmið Li Peng um að setja á herlög í Peking og rýma Torgið.

Ég var niðri í bæ aðfaranótt 3. júní. Venjulega var ég bara á ferð þarna yfir daginn en eitthvað hélt mér föngnum alla nóttina að þessu sinni.

Tíu metra hárri styttu af *Gyðju lýðræðis* hafði verið komið fyrir gegnt myndinni af Maó framan við Forboðnu borgina. Undir henni var verið að leggja drög að stofnun lýðræðisháskóla.

Á sama tíma var herinn greinilega að þrýsta sér nær og nær. Dátar gengu eða skokkuðu fylktu liði allt um kring. Stúdentar gerðu upptæka rifla og byssustingi sem þeir komust yfir og höfðu til marks um hvers væri að vænta af stjórnvöldum.

Menntamenn með prófessor Liu Xiaobo (friðarverðlaunahafa Nóbels 2010) og poppsöngvarann Hou Dejian í broddi fylkingar komu í heimsókn á Torgið til að leiðbeina ungmennunum í þeirri stöðu sem þau voru komin í.

Þetta var síðasta nóttin fyrir árásina.

Seinni grein Stefáns um lýðræðishreyfinguna í Kína og og uppgang hennar mun birtast í Kjarnanum eftir viku.



KJAFTÆÐI
Hrafn Jónsson
kvikmyndagerðarmaður

Rassgat

Hrafn Jónsson skrifar um ástandið í samfélaginu með sínu nefi og segir valinkunnum einstaklingum að fara í rassgat.

Siðrofið nálgast við taktfastan sláttinn sem heyrist þegar höfðum er slegið saman; menn skalla eldri borgara, konur skalla börn, fólk í IKEA skallar hvert annað.

Einhverjir segja að 2007 sé að koma aftur. Ég vona það. Ég á í alvörunni sjö flíkur og enga peninga. Ég segi fólki að ég sé á milli stærða en í raun er ég bara að bíða eftir annarri lánabólu svo að bankinn gefi mér aftur yfirdrátt svo ég geti krítað út gjaldeyrisheftar gallabuxur. Sturlunin er samt önnur – ferskari. Í staðinn fyrir að glæpamenn kaupi banka og þrælavinnutískuverslanir á Oxford Street mokar ríkið ókeypis peningum ofan í kjaftinn á yfirskuldsettum Garðbæingum á meðan við hin liggjum undir matarborðinu og rekum út tunguna eins og prólapsaðan anus (plís ekki gúgla það) í von um að fá smá bita af oblátunni. Það var einhvern veginn meiri reisn í bólunni en þessu hringrúnki.

Ég er búinn að sækja um leiðréttingu. Ég á reyndar hvorki íbúð né bíl, hef held ég aldrei tekið lán í öðrum gjaldmiðli og er ennþá ekki alveg viss um hvað verðtrygging

er; ég er í raun fullkomlega eignalaus ef frá er talið skúffufyrirtæki í engum rekstri sem þrátt fyrir það skilar gríðarlegu tapi árlega sökum vangoldinna greiðslna í Framkvæmdasjóð aldraðra. Ég er því ekki að sækja um leiðréttingu af því að mér finnist ég eiga skilið að fá hana. Alls ekki. Ég einfaldlega skil ekki almennilega út á hvað hún gengur og beiti því sömu leikjafræði og graða kynslóðin á Tinder: hendi út öllum önglum og vona að eitthvað bíti á. Og af hverju ekki? Allir hinir trúðarnir eru að fara að gera það. Það vilja allir vinna í 80 milljarða króna vitfirringalottóinu.

„Við erum svo spennt yfir ávísuninni að við nennum ekki einu sinni að vinna lengur.“

Við erum svo spennt yfir ávísuninni að við nennum ekki einu sinni að vinna lengur. Kennarar nenna ekki að kenna, sjúkraliðar nenna ekki að hjúkra, ljósmæður nenna ekki að klippa, flugmenn nenna ekki að fljúga. Reyndar virðist Alþingi geta sett lög á aumingjadóm ákveðinna stétta ef leti þeirra stefnir öryggi almennings í hættu. Í tilfelli flugmanna var það metið þannig að stöðugt flæði breskra vísitölufjölskyldna í yfirþyngd inn í landið væri stærra öryggisatriði en verkfallsréttur starfsmanna einkafyrirtækis sem hagnaðist um átta milljarða á síðasta ári. Guð forði okkur frá því að þessir sálarlausu skjalaskápar sem þeir kalla miðbæjarhótel standi auð einni gistinótt lengur. Sumir vilja meina að flugmenn séu oflaunaðir rútubílstjórar sem nú þegar fái stærri tékka en flest okkar munu nokkurn tímann sjá og skilningsleysi almennings á aðgerðum þeirra er reyndar svo mikið að starfsmenn á þjónustuborði Icelandair voru bókstaflega grýttir af farþegum – eins og langar, illa loftræstar fretfýlubiðraðir heyri undir einhvers konar sjaríalög. Mér finnst persónulega ákveðið öryggissjónarmið í því að það sé ekki gríðarlega gramur og yfirvinnubugaður einstaklingur að stýra 800 tonnum af stáli, áli, eldsneyti og kjöti á 900 km hraða í 30.000 feta hæð á meðan hann þrætir við þjónustufulltrúa hjá Hraðpeningum. En það má ekki stöðva hjól

atvinnulífsins, heldur á fólk bara að þegja og draga þau áfram með múlinn milli tannana. Það er þjóðarsáttin.

Í allri græðgis- og kjaftæðismóðunni má vart greina að það séu að koma kosningar. Það er eins og allir hafi gefist upp eftir að Guðni hætti við. Ætli það beri ekki ágætt vitni um góðan rekstur borgarinnar að það virðist enginn neitt hafa að segja nema framsóknarmenn sem geta ekki keypt sér atkvæði þrátt fyrir að hafa bókstaflega malbikað flugbraut á B-ið sitt og viðrað rökstuddan ótta sinn við arabíska draugabyggð í Vatnsmýrinni. Eina eftirtektarverða útspilið hingað til kemur frá Ungum sjálfstæðismönnum, sem hafa ákveðið að taka málin í sínar eigin hendur og slá skjaldborg um djammið og segja unga fólkinu að allt dómgreindarlausasta og besta fyllerískynlífið eigi sér stað handan við hálf fimm, enda voru flestir þeir sem eru að komast á kosningaaldur getnir í bakherbergi á Skuggabarnum.

„Hægri vængurinn er loksins að fylgja fordæmi félagshyggjufólksins og splundrast í sífellt verr skilgreindar stjórnmálasellur.“

Ég syrgi það að Björn Jón Bragason hafi ekki náð að klífa ofar á lista og fengið umboð til þess að standa á miðjum Laugaveginum í brúna Indiana Jones-leðurjakkanum sínum með tímareim úr Skoda Octavia í hönd, pískandi niður froðufellandi hjólreiðamenn sem gera aðsúg að einkabílnum. 50 stig ef hann nær Auði Haralds.

Ég er miklu spenntari fyrir næstu alþingiskosningum nú þegar stjórnmálaflokkum fjölgar næstum því jafnhratt og línulegum sjónvarpsstöðvum. Hægri vængurinn er loksins að fylgja fordæmi félagshyggjufólksins og splundrast í sífellt verr skilgreindar stjórnmálasellur. Á öðrum vængnum eru menn eins og Þorsteinn Pálsson og Sveinn Andri, sem hafa ákveðið að Sjálfstæðisflokkurinn sé of sturlaður fyrir þá, og á hinum endanum eru öndvegismenn á borð við Jón Val Jensson og Snorra í Betel, sem finnst flokkurinn ekki vera nándar nærri nógu sturlaður. Þeir hafa ákveðið að leiða saman sína illa upplýstu og hatursfullu afturhaldshesta

og stofnað alvöru kristilegan þjóðernisflokk þar sem þeir hafa loksins vettvang til þess að viðra skoðanir sínar á útlendingum, fóstureyðingum, lesbíum, hommum og þá sérstaklega endaþarmsmökum. Ég vona því að þeir taki því tvöfalt persónulega þegar ég bið þá um að fara í rassgat. Prólapsað.

Það er nefnilega það skásta við þetta drasl-lýðræði; mátturinn til þess að segja fávitum að fara í rassgat. Ég hangi á því þangað til menntaða einveldið kemur og bjargar okkur öllum frá okkur sjálfum.

Og hvar er svo helvítis flugvélin?